

## AUGLÝSING

### um samning um vöruviðskipti milli Íslands, Noregs og Bretlands.

Hinn 14. desember 2020 var norska utanríkisráðuneytinu afhent samþykktarskjal Íslands vegna samnings um vöruviðskipti milli Íslands, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða Konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands sem gerður var í London hinn 8. desember 2020. Samningurinn var samþykktur af Íslands hálfu 9. desember 2020.

Enn fremur var norska utanríkisráðuneytinu hinn 14. desember 2020 afhent orðsending þar sem fram kemur að Ísland skuldbindur sig, í samræmi við 5. mgr. 17. gr. samningsins, til að beita ákvæðum hans til bráðabirgða á meðan beðið er gildistöku hans.

Tilkynnt verður síðar um gildistöku samningsins.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 16. desember 2020.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

---

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal.**

SAMNINGUR UM VÖRUVIÐSKIPTI  
MILLI  
ÍSLANDS, KONUNGRÍKISINS NOREGS  
OG  
SAMEINAÐA KONUNGRÍKISINS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

ÍSLAND, KONUNGRÍKIÐ NOREGUR („Noregur“) og SAMEINAÐA KONUNGRÍKIÐ STÓRA-BRETLAND OG NORÐUR-ÍRLAND („Bretland“), sem saman eru nefnd „samningsaðilar“: SEM ÁRÉTTA sögulegt og náð samstarf milli Íslands, Noregs og Bretlands og sameiginlega ósk sína um að vernda þessi tengsl,

SEM VEKJA ATHYGLI Á ÞVÍ að 1. febrúar 2020 hætti Bretland að vera aðildarríki Evrópusambandsins og að í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu er fastsett aðlögunartímabil sem lýkur 31. desember 2020,

SEM VEKJA ATHYGLI Á ÞVÍ að á aðlögunartímabilinu heyrir Bretland áfram undir viðskiptasamninga milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna,

SEM GERA SÉR GREIN FYRIR ávinningnum af því fyrir Bretland, Ísland og Noreg að gera með sér samning um vöruviðskipti fyrir tímabilið frá því að viðskiptasamningar milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna hætta að eiga við um Bretland þar til samningur eða samningar um framtíðarviðskiptatengsl þeirra (m.a. fríverslunarsamningur), sem nú er verið að semja um, taka gildi eða er beitt til bráðabirgða,

SEM GERA SÉR GREIN FYRIR að gera þarf allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ljúka, eins fljótt og auðið er, formlegum samningaviðræðum um einn eða fleiri samninga um framtíðarviðskiptatengsl þeirra sem myndu koma í stað þessa samnings,

HAFA ORDIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

*Markmið, gildissvið og umfang.*

1. Markmið þessa samnings er að tryggja eins og kostur er áframhaldandi fríðindaviðskipti með vörur milli Bretlands og Íslands annars vegar og milli Bretlands og Noregs hins vegar, eins og kveðið er á um í viðskiptasamningunum milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna.
2. Þessi samningur skal einungis gilda um vörur sem eru upprunnar hjá aðilum að þessum samningi nema annað sé tilgreint. Ákvæði um upprunareglur eru sett fram í IV. viðauka.
3. Það fyrirkomulag, sem sett er fram í þessum samningi, skal teljast fríverslunarsvæði í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 („GATT-samningurinn frá 1994“).

2. gr.

*Skilgreiningar og tilvísanir.*

1. Þar sem vísað er til „þessa samnings“ er átt við 1.–19. gr. hans, viðaukana og innfelldu ákvæðin.
2. Þar sem vísað er til „viðskiptasamninga milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna“ er átt við Samninginn um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992 („EES-samninginn“), samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands frá 22. júlí 1972 („fríverslunarsamninginn frá 1972“), samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs frá 14. maí 1973 („fríverslunarsamninginn frá 1973“) og samninga og bókanir milli Evrópusambandsins og Noregs, eins og um getur í 1.–2. gr. II. viðauka, og samninga og bókanir milli Evrópusambandsins og Íslands, eins og um getur í 1.–2. gr. III. viðauka.

3. Þar sem vísað er til „innfelldu ákvæðanna“ er átt við ákvæði viðskiptasamninganna milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna, eins og þau eru felld inn í þennan samning og breytt með honum.
4. „Samningsaðildartímabil“ merkir það tímabil þegar Bretland heyrir áfram undir viðskiptasamninga milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna.
5. „Að breyttu breytanda“ merkir, í tengslum við þennan samning, með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að beita viðskiptasamningunum, sem gerðir eru á milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna, milli Bretlands og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna.
6. Alls staðar þar sem vísað er í þessum samningi til EES-samningsins og hinna viðskiptasamninganna milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna skal litið svo á að vísað sé til þessara samninga eins og þeir gilda rétt fyrir lok samningsaðildartímabilsins nema annað sé tilgreint í þessum samningi.

## 3. gr.

*Óaðskiljanlegir hlutar þessa samnings.*

Viðaukarnir, þ.m.t. innfelldu ákvæðin, eru óaðskiljanlegir hlutar þessa samnings.

## 4. gr.

*Í góðri trú.*

1. Samningsaðilar skulu, með fullri gagnkvæmri virðingu og í góðri trú, veita hver öðrum aðstoð við þau verkefni sem leiðir af þessum samningi.
2. Samningsaðilarnir skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, jafnt almennar sem sértækar, til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem leiðir af þessum samningi og skulu forðast að gera nokkrar þær ráðstafanir sem kynnu að koma í veg fyrir að markmiðum þessa samnings verði náð.

## 5. gr.

*Innfelling ákvæða um vöruviðskipti.*

1. Eftirfarandi ákvæði EES-samningsins eru felld inn í samning þennan og verða hluti af honum: Ákvæði 8. gr. (3. mgr.), 9. gr. (1. mgr.), 10., 11., 12., 13., 14. og 15. gr. og 21. gr. (2. mgr.). Ákvæðin skulu gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, þ.m.t. hverjar þær breytingar sem gerðar eru í I. viðauka.
2. Eftirfarandi bókanir við EES-samninginn eru felldar inn í samning þennan og verða hluti af honum:
  - a. bókun 2 um framleiðsluvörur sem falla ekki undir gildissvið samningsins í samræmi við a-lið 3. mgr. 8. gr. og
  - b. bókun 11 um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.
 Bókanirnar skulu gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, þ.m.t. hverjar þær breytingar sem gerðar eru í I. viðauka.

## 6. gr.

*Innfelling ákvæða um viðskipti með landbúnaðar- og fiskafurðir.*

1. Ákvæði 20. gr. EES-samningsins og bókunar 9 við EES-samninginn um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir eru felld inn í samning þennan og verða hluti af honum og skulu gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, þ.m.t. hverjar þær breytingar sem gerðar eru í I. viðauka. Nema annað sé tilgreint í innfelldum ákvæðum bókunar 9 skulu ákvæði 5., 7., 8., 9., 10., 11. og 13. gr. þessa samnings ekki gilda um bókun 9 eins og hún er felld inn í þennan samning og breytt með honum.
2. Ákvæði bókunar 3 um framleiðsluvörur sem um getur í b-lið 3. mgr. 8. gr. samningsins eru felld inn í samning þennan og verða hluti af honum og skulu gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði samnings þessa, þ.m.t. hverjar þær breytingar sem gerðar eru í I. viðauka.

3. Viðbótarfyrirkomulag varðandi viðskipti með landbúnaðar- og fiskafurðir milli Bretlands og Noregs er sett fram í II. viðauka við þennan samning. Ákvæði 5., 7., 8., 9., 10., 11. og 13. gr. þessa samnings gilda ekki um II. viðauka nema annað sé tilgreint.
4. Viðbótarfyrirkomulag varðandi viðskipti með landbúnaðar- og fiskafurðir milli Bretlands og Íslands er sett fram í III. viðauka við þennan samning. Ákvæði 5., 7., 8., 9., 10., 11. og 13. gr. þessa samnings gilda ekki um III. viðauka nema annað sé tilgreint.

## 7. gr.

*Innfelling ákvæða um vernd landfræðilegra merkinga landbúnaðarafurða og matvæla.*

Fyrirkomulag milli Bretlands og Íslands um vernd landfræðilegra merkinga landbúnaðarafurða og matvæla er sett fram í V. viðauka við þennan samning. Ákvæði 5., 6., 8., 9., 10., 11. og 13. gr. þessa samnings gilda ekki um V. viðauka nema annað sé tilgreint.

## 8. gr.

*Innfelling ákvæða um verndarráðstafanir og undanþágur af öryggisástæðum.*

Ákvæði 25., 112., 113., 114. og 123. gr. EES-samningsins eru felld inn í samning þennan og verða hluti af honum og skulu gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, þ.m.t. hverjar þær breytingar sem gerðar eru í I. viðauka.

## 9. gr.

*Styrkir og jöfnunarráðstafanir.*

1. Fara skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir („samningurinn um styrki og jöfnunarráðstafanir“), að undanskildu því sem kveðið er á um í 2. mgr.
2. Áður en samningsaðili hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir eru veittir á yfirráðasvæði annars samningsaðila og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðili, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu um það til þess samningsaðila sem vörurnar tilheyra og rannsóknin tekur til og veita svigrúm til samráðs til að leita lausnar sem er gagnkvæm og viðunandi. Samningsaðili sem fer fram á samráð skal leggja fram beiðni um það um leið og tilkynningin berst og samráðið skal fara fram eins fljótt og við verður komið.

## 10. gr.

*Ráðstafanir gegn undirboðum.*

Fara skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna í tengslum við ráðstafanir gegn undirboðum í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994. Samningsaðilarnir skulu leitast við að komast hjá því að hefja ráðstafanir gegn undirboðum hver gegn öðrum.

## 11. gr.

*Innfelling ákvæða um lausn deilumála.*

1. Ákvæði 1., 2. og 4. mgr. 111. gr. EES-samningsins eru felld inn í samning þennan og verða hluti af honum og skulu gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, þ.m.t. hvers kyns breytingar sem gerðar eru í I. viðauka.
2. Ákvæði bókunar 33 um gerðardómsmeðferð eru felld inn í samning þennan og verða hluti af honum og skulu gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, þ.m.t. hvers kyns breytingar sem gerðar eru í I. viðauka.

## 12. gr.

*Aframhald tímabila.*

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi gildir eftirfarandi:
  - a. ef tímabil í viðskiptasamningunum milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna er ekki liðið skal það sem eftir lifir af því tímabili fellt inn í þennan samning og
  - b. ef tímabil í viðskiptasamningunum milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna er liðið skulu réttindi og skyldur sem af því leiðir gilda áfram milli samningsaðilanna.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. verður vísun í innfelldu ákvæðunum til tímabils sem tengist málsmeðferð eða öðrum stjórnáskilum málefnum ekki fyrir áhrifum.

## 13. gr.

*Sameiginlega nefndin.*

1. Sameiginlegri nefnd, sem skal annast umsjón með þessum samningi og tryggja að ákvæðum hans sé beitt á réttan hátt, er hér með komið á fót. Í þessum tilgangi skal sameiginlega nefndin leggja fram tilmæli og taka ákvarðanir í þeim tilvikum sem kveðið er á um í þessum samningi. Samningsaðilarnir skulu koma þessum ákvörðunum til framkvæmda í samræmi við eigin reglur.
2. Sameiginlega nefndin skal einkum tryggja tilhlýðilegan rekstur þessa samnings.
3. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilarnir skiptast á upplýsingum og efna, að beiðni samningsaðila, til samráðs í sameiginlegu nefndinni.
4. Sameiginlega nefndin skal koma saman að beiðni eins af samningsaðilunum og, hvað sem öðru líður, eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
5. Sameiginlega nefndin skal setja sér starfsreglur.
6. Sameiginlega nefndin skal skipuð fulltrúum frá hverjum samningsaðila.
7. Ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar skulu teknar með samhljóða samþykki.
8. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvarðanir og lagt fram tilmæli varðandi málefni sem tengjast annaðhvort Íslandi eða Noregi og Bretlandi. Í því tilviki skal samhljóða samþykki einungis taka til þessara samningsaðila og ákvörðun og tilmæli einnig.
9. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að koma á fót undirnefndum og vinnuhópum sér til aðstoðar við störf sín.

## 14. gr.

*Breytingar.*

1. Samningsaðilar geta gert með sér skriflegt samkomulag um breytingar á samningi þessum. Breyting, sem gerð er samkvæmt þessari málsgrein, skal öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir síðustu tilkynningu samningsaðilanna um að innri málsmeðferðum þeirra sé lokið í tengslum við breytingu samkvæmt þessari málsgrein eða á öðrum degi sem samningsaðilar koma sér saman um.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. getur sameiginlega nefndin ákveðið að breyta I. og IV. viðauka.

## 15. gr.

*Upplýsingar sem eru ekki birtar.*

Ákvæði 122. gr. EES-samningsins eru felld inn í samning þennan og verða hluti af honum og skulu gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði samnings þessa, þ.m.t. hvers kyns breytingar sem gerðar eru í I. viðauka.

## 16. gr.

*Svæðisbundið gildissvið.*

Ákvæði þessa samnings skulu gilda, að því marki og með þeim skilyrðum sem viðskiptasamningarnir milli Evrópusambandsins og annaðhvort Íslands eða Noregs eða beggja landanna beittu rétt

fyrir lok samningsaðildartímabilsins, annars vegar um Bretland og þau yfirráðasvæði sem það annast alþjóðatengsl fyrir og hins vegar um yfirráðasvæði Íslands og Noregs.

## 17. gr.

*Gildistaka og beiting til bráðabirgða.*

1. Samningur þessi er með fyrirvara um samþykki í samræmi við lagaskilyrði hvers samningsaðila um sig. Afhenda skal vörsluaðilanum samþykktarskjölin til vörslu.
2. Samningur þessi öðlast því aðeins gildi milli Bretlands og a.m.k. eins annars samningsaðila að enginn annar samningur eða samningar um framtíðarviðskiptatengsl hafi öðlast gildi eða sé beitt til bráðabirgða milli Bretlands og þessa eða þessara annarra samningsaðila.
3. Með fyrirvara um 2. mgr. skal þessi samningur öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa afhent skjöl sín um samþykki til vörslu, á þeim degi sem ber upp síðar:
  - a. síðasta degi samningsaðildartímabilsins eða
  - b. á þeim degi þegar Bretland og a.m.k. einn annar samningsaðili hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um samþykki til vörslu.
4. Að því er varðar samningsaðila, sem afhendir skjal sitt um samþykki til vörslu eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi skv. 3. mgr., skal samningur þessi öðlast gildi daginn eftir að skjal hans hefur verið afhent til vörslu.
5. Samningsaðili getur, með því að senda vörsluaðilanum tilkynningu þar um, beitt þessum samningi til bráðabirgða á meðan beðið er gildistöku hans. Slík bráðabirgðabeiting skal taka gildi á þeim degi sem ber upp síðar:
  - a. síðasta degi samningsaðildartímabilsins, að því tilskildu að Bretland og a.m.k. einn annar samningsaðili hafa lagt fram tilkynningar sínar til vörslu, eða
  - b. á þeim degi þegar Bretland og a.m.k. einn annar samningsaðili hafa lagt fram tilkynningar sínar til vörslu.
6. Sérhver samningsaðili getur hætt bráðabirgðabeitingu sinni á þessum samningi með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans. Slík lok á beitingu skulu taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir dagsetningu tilkynningarinnar.
7. Einnig má hætta bráðabirgðabeitingu þessa samnings eingöngu milli Bretlands og Íslands eða milli Bretlands og Noregs. Slík lok á beitingu skulu aðeins hafa áhrif á beitingu þessa samnings milli þeirra aðila.

## 18. gr.

*Uppsögn.*

1. Sérhver samningsaðili getur sagt sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans. Úrsögnin tekur gildi tólf mánuðum eftir þann dag þegar vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku.
2. Segi annaðhvort Ísland eða Noregur sig frá þessum samningi skal honum aðeins slitið milli þess samningsaðila og Bretlands. Segi Bretland sig frá þessum samningi gagnvart bæði Íslandi og Noregi telst samningnum slitið.
3. Taki nýr fríverslunarsamningur gildi milli einhverra af samningsaðilunum eða á meðan þessum samningi er beitt til bráðabirgða telst samningi þessum slitið milli þeirra aðila.

19. gr.  
*Vörsluaðili.*

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í London, Bretlandi hinn 8. desember 2020 á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Sturla Sigurjónsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Noregs:

Vibeke Rysst-Jensen

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:

Charlotte Heyes

I. VIÐAUKI  
BREYTINGAR Á EES-SAMNINGNUM

Að því er samning þennan varðar skulu ákvæði EES-samningsins, eins og þau eru felld inn í þennan samning og verða hluti af honum, gilda að breyttu breytanda og með fyrirvara um eftirfarandi breytingar:

1. Innfelld ákvæði megin-samningsins
  - a) Í 1. mgr. 9. gr. kemur „IV. viðauka við samning þennan“ í stað „bókun 4“.
  - b) Í 4. mgr. 111. gr. skal ekki fella inn næstsíðustu setninguna („Óheimilt er að fjalla um túlkun á ákvæðum samnings þessa, sem um getur í 3. mgr., samkvæmt þessari málsmeðferð.“).
  - c) Ákvæðum 5. mgr. 113. gr. er breytt sem hér segir:
    - i. Í fyrstu undirgrein skal ekki fella inn „á þriggja mánaða fresti“.
    - ii. Ekki skal fella inn aðra undirgrein.
2. Bókanir
  - a) Bókun 3 um framleiðsluvörur sem um getur í b-lið 3. mgr. 8. gr. samningsins
    - i. Ekki skal fella inn neðanmálgreinarnar í bókun 3.
    - ii. Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:
      - „1. Samningsaðila er heimilt að leggja toll á framleiðsluvöru, sem tilgreind er í töflu I, til að taka tillit til mismunar á kostnaði vegna landbúnaðarhráefna sem notuð eru í vöruna.
      2. Sá tollur sem Noregur leggur á í tengslum við framleiðsluvörur upprunnar í Bretlandi, sem tilgreindar eru í töflu I, skal ekki vera hærri en sá tollur sem Noregur leggur, skv. III. viðauka við töflu I í bókun 3 við EES-samninginn, á sömu framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Evrópusambandinu.
      3. Sá tollur sem Ísland leggur á í tengslum við framleiðsluvörur upprunnar í Bretlandi, sem tilgreindar eru í töflu I, skal ekki vera hærri en sá tollur sem Ísland leggur, skv. II. viðauka við töflu I í bókun 3 við EES-samninginn, á sömu framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Evrópusambandinu.
      4. Sá tollur sem Bretland leggur á í tengslum við framleiðsluvörur upprunnar í Noregi eða á Íslandi, sem tilgreindar eru í töflu I<sup>1</sup>, skal ekki vera hærri en sá tollur sem Evrópusambandið leggur, skv. I. viðauka við töflu I í bókun 3 við EES-samninginn, á sömu framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Noregi eða á Íslandi.
      5. Þrátt fyrir 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar er samningsaðila heimilt, í þeim tilvikum þar sem innanlandsverð á landbúnaðarhráefnum í Bretlandi viku verulega frá innanlandsverði á landbúnaðarhráefnum í Evrópusambandinu, að fara fram á samráð innan sameiginlegu nefndarinnar, sem komið er á fót með þessum samningi, um nauðsynlega aðlögun á reglum um álagningu tolla samkvæmt bókun 3, eins og hún er felld inn í og henni breytt með þessum samningi.
      6. Noregur og Ísland skulu tilkynna Bretlandi innan 30 daga um sérhverja aðlögun á tollunum sem settir eru fram í viðaukunum við töflu I í bókun 3 við EES-samninginn.“
    - iii. Ekki skal fella inn I., II. og III. viðauka við töflu I.
  - b) Bókun 9 um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir

<sup>1</sup> Að því er varðar vörur upprunnar í Noregi, sem flokkaðar eru undir SN-númerunum 2202 10 00 (vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt) og úr 2202 90 10 (aðrar óáfengar drykkjarvörur sem innihalda sykur (súkrósa eða einsykru)), skulu ákvæðin í innfellda samningnum í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og Konungsríkisins Noregs viðvíkjandi bókun 2 við tvíhliða fríverslunarsamninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs, sem gerður var í Brussel 13. desember 2004, sem m.a. koma á tollfjálsnum kvóta fyrir innflutning þessara vara, sem upprunnar eru í Noregi, til Bretlands, gilda þar til Bretland og Noregur komast að samkomulagi um annað.



- i. Ekki skal fella inn 1. og 3. viðbæti.
  - ii. Í 2. viðbæti skal „1. viðbæti“ koma í stað fyrirsagnarinnar („2. viðbæti“).
  - iii. Í stað allra vísana í „2. viðbæti“ skal alls staðar koma „1. viðbæti“.
  - iv. Í 1. gr.:
    - 1) Í 1. mgr.:  
Í staðinn fyrir „Með fyrirvara um ákvæðin í 1. viðbæti skulu EFTA-ríkin við gildistöku samningsins fella niður“ skal koma „Ísland og Noregur skulu ekki leggja á neina“.
    - 2) Í 2. mgr.:  
Í staðinn fyrir „Með fyrirvara um ákvæðin í 1. viðbæti skulu EFTA-ríkin“ skal koma „Ísland og Noregur skulu“.
  - v. Í 2. gr.:
    - 1) Í 1. mgr.:  
Í staðinn fyrir „Bandalagið skal við gildistöku samningsins fella niður“ skal koma „Bretland skal ekki leggja á neina“,
    - 2) Í staðinn fyrir 2. mgr. skal koma „Bretland skal ekki leggja neina tolla á þær vörur sem tilgreindar eru í töflu III í 1. viðbæti sem eru hærri en þeir tollar á innflutning frá Noregi og Íslandi sem gilda rétt fyrir lok samningsaðildartímabilsins,“
    - 3) Ekki skal fella inn 3. mgr.
    - 4) Ekki skal fella inn 4. mgr.
  - vi. Í 4. gr.:
    - 1) Ekki skal fella inn 1. mgr.
    - 2) Ekki skal fella inn 2. mgr.
    - 3) Í 3. mgr. skal ekki fella inn „ tryggja samkeppnisskilyrði sem geri hinum samningsaðilunum kleift að“.
  - vii. Í 7. gr.:
    - 1) Á eftir „samninganna“ skal bæta við „og bókananna“.
    - 2) Í staðinn fyrir „3. viðbæti“ skal koma „1. gr. II. viðauka og 1. gr. III. viðauka, eins og þeim hefur verið breytt þar,“.
- c) Bókun 11 um gagnkvæma aðstoð í tollamálum
- i. Í 10. gr. skal ekki fella inn „og samsvarandi ákvæði sem gilda um yfirvöld bandalagsins“.
  - ii. Í 14. gr.:
    - 1) Í 1. mgr. skal ekki fella inn „lögbærum þjónustustofnunum framkvæmdastjórnar EB og, eftir því sem við á,“,
    - 2) Í 2. mgr. skal ekki fella inn aðra undirgrein.
  - iii. Í 15. gr. skal ekki fella inn 2. mgr.
- d) Bókun 33 um gerðardómsmeðferð
- Í staðinn fyrir „vera ríkisborgari eins samningsaðila, þó ekki með sama ríkisfang og tilnefndir gerðardómsmenn“ í 3. mgr. skal koma „ekki vera ríkisborgari samningsaðila að þessum samningi“.

II. VIÐAUKI  
**VIÐBÓTARFYRIRKOMULAG MILLI NOREGS OG BRETLANDS  
VARÐANDI VIÐSKIPTI MEÐ LANDBÚNAÐAR- OG FISKAFURÐIR <sup>1</sup>**

III. VIÐAUKI  
**VIÐBÓTARFYRIRKOMULAG MILLI ÍSLANDS OG BRETLANDS  
VARÐANDI VIÐSKIPTI MEÐ LANDBÚNAÐAR- OG FISKAFURÐIR**

Í þessum viðauka er sett fram viðbótarfyrirkomulagið milli Íslands og Bretlands varðandi viðskipti með landbúnaðar- og fiskafurðir sem um getur í 4. mgr. 6. gr. þessa samnings.

1. gr.

*Innfelling samninga og bókana um viðskipti með fiskafurðir.*

1. Til að viðhalda viðeigandi fyrirbyggjandi fyrirkomulagi varðandi viðskipti með fiskafurðir milli Íslands og Bretlands eru eftirfarandi bókanir við fríverslunarsamninginn frá 1972 felldar inn í samning þennan og verða hluti af honum og skulu gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, þ.m.t. breytingarnar sem gerðar eru í 3. og 4. gr. þessa viðauka:
  - a) bókun nr. 6 varðandi sérstök ákvæði um innflutning til Efnahagsbandalagsins á tilteknum sjávarafurðum („bókun 6“),
  - b) viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands í kjölfar aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu, sem gerð var í Brussel 26. janúar 1996 („viðbótarbókunin frá 1996“),
  - c) viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands í kjölfar aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu, sem gerð var 14. október 2003 („viðbótarbókunin frá 2003“),
  - d) viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands, sem gerð var í Brussel 3. maí 2016 („viðbótarbókunin frá 2016“).
2. Til að viðhalda viðeigandi fyrirbyggjandi fyrirkomulagi varðandi viðskipti með fiskafurðir milli Íslands og Bretlands er samningurinn í formi bréfaskipta um breytingu á bókun 6 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands, sem gerður var í Brussel 20. júlí 1976 („bréfaskiptin frá 1976“) felldur inn í samning þennan og verður hluti af honum og skal gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, þ.m.t. breytingarnar sem gerðar eru í 3. og 4. gr. þessa viðauka.

2. gr.

*Innfelling samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir.*

Til að viðhalda viðeigandi fyrirbyggjandi fyrirkomulagi varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Bretlands er samningurinn í formi bréfaskipta milli Evrópusambandsins og Íslands um viðbótarfríðindi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir, sem gerður var í Brussel 23. mars 2017 („bréfaskiptin frá 2017“) felldur inn í samning þennan og verður hluti af honum og skal gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings, þ.m.t. breytingarnar sem gerðar eru í 3. og 5. gr. þessa viðauka.

---

<sup>1</sup> Um er að ræða tvíhliða samning milli Noregs og Bretlands sem Ísland á ekki aðild að. Meginefni þessa samnings er því ekki birt í Stjórnartíðindum. Það má nálgast á heimasíðu EFTA ([www.efta.int](http://www.efta.int)).

## 3. gr.

*Dverlægar breytingar.*

1. Magn tollkvóta, sem sett er fram í samningi eða bókun sem getið er í 1. og 2. gr. þessa viðauka, eins og hann eða hún er felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, skal eftir atvikum koma í stað þess magns sem sett er fram fyrir þann kvóta í viðbætinum við þennan viðauka. Sé tollkvóti ekki settur fram í viðbætinum við þennan viðauka skal vísun til þess kvóta í innfellið ákvæði ekki eiga við.
2. Ef þessi samningur öðlast gildi eða er beitt til bráðabirgða eftir að kvótatímabil hefst og áður en því tímabili lýkur skal kvótinn, sem gilda skal til loka þess kvótatímabils, lækkaður í hlutfalli við þann dagafjölda sem eftir stendur af því kvótatímabili.
3. Upprunareglurnar sem settar eru fram í IV. viðauka skulu gilda um þær vörur sem heyra undir samningana eða bókanirnar sem getið er í 1. og 2. gr. þessa viðauka.

## 4. gr.

*Breytingar á samningum og bókunum um viðskipti með fiskafurðir.*Bókun 6

1. Í 1. mgr. 1. gr. skal ekki fella inn orðin „Afnám innflutningstolla á frystum fiskflökum tekur ekki gildi nema Ísland virði viðmiðunarverð, sem Efnahagsbandalagið ákveður, og ráðstafanir, sem bandalagið gerir til framkvæmda á 25. gr. a í reglugerð (EBE) ráðs Evrópubandalaganna nr. 2142/70 frá 20. október 1970, sem síðast var breytt með Samkomulagi um aðildarskilmála og aðlögun að samningum, til að koma í veg fyrir óstöðugt verðlag og ójafna samkeppnisaðstöðu fyrir fisk, frystan um borð í skipi og frystan í landi, svo og til að ráða bót á erfiðleikum, sem gætu orðið við að halda jafnvægi á fiskframboði.“
2. Í 2. mgr. 1. gr. skal ekki fella inn orðin „Varðandi innflutning þessara afurða gildir það viðmiðunarverð, sem Efnahagsbandalagið ákveður“.
3. Ekki skal fella inn 2. og 3. gr.

Viðbótarbókunin frá 1996

4. Ekki skal fella inn 1., 4. og 5. gr.

Viðbótarbókunin frá 2003

5. Ekki skal fella inn 1., 2., 4. og 5. gr.
6. Ekki skal fella inn viðaukann.

Viðbótarbókunin frá 2016

7. Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi: „Í þessari bókun og viðaukanum við hana er mælt fyrir um sérákvæði um innflutning til Bretlands á tilteknum fisktegundum og sjávarafurðum sem eru upprunnar á Íslandi. Tollkvótarnir gilda á tímabilinu 1. maí 2018 til 30. apríl 2021.“
8. Í 2. gr.:
  - a) Ekki skal fella inn 1. mgr,
  - b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi: „Tollkvótarnir eru settir fram í viðaukanum við þessa bókun. Útdeila skal tollkvótunum árlega frá 1. maí til 30. apríl til loka þess tímabils sem um getur í 1. gr. þessarar bókunar.“,
  - c) Ekki skal fella inn 3. mgr.
9. Ekki skal fella inn 3., 4. og 5. gr.

## 5. gr.

*Breytingar á samningunum um viðskipti með landbúnaðarafurðir.*Bréfaskiptin frá 2017

- Ekki skal fella inn 8., 14., 15. og 16. lið.

VIÐBÆTIR  
TAFLA YFIR TOLLKVÓTA

Í stað tollkvótanna sem settir eru fram í samningunum og bókunum sem getið er í 1. og 2. gr. þessa viðauka, eins og þeir eða þær eru felldar inn í samning þennan og verða hluti af honum, koma tollkvótarnir sem settir eru fram í töflunni hér á eftir.

Tollkvótar sem Bretland útdeilir fyrir vörur upprunnar á Íslandi

Raðnúmer	Vara	ST-númer <sup>1</sup>	Magn kvóta	Eining	Afnámsflokkur	Kvótatímabil	Kvótagjald	Upprunalegur samningur
090793	Lax, nýr eða kældur; laxaflök, ný eða kæld; laxaflök fryst.	0302 12 00, 0304 10 13, 0304 20 13	33	TONN	Enginn	frá 1. janúar til 31. desember	0%	Viðbótarbókunin frá 1996
090794	Sólflúra, ný eða kæld Stórkjafra, ný eða kæld Annar flatfiskur, nýr eða kældur Kolmunnur, nýr eða kældur skarkoli, frystur Annar sjávarfiskur, frystur flök af öðrum ferskvatnsfiski, ný eða kæld Ufsaflök, ný eða kæld Karfalök, ný eða kæld Flök af öðrum sjávarfiski, þó ekki af sild og makríl, ný eða kæld Kjöt af öðrum sjávarfiski, nýtt eða kælt Flök af öðrum ferskvatnsfiski, fryst Fryst kjöt af þorski af tegundinni <i>Gadus macrocephalus</i> Fryst kjöt af þorski af tegundinni <i>Gadus morhua</i>	0302 23 00, 0302 29 10, 0302 29 90, 0302 69 85, 0303 32 00, 0303 79 96, 0304 10 19, 0304 10 33, 0304 10 35, úr 0304 10 38, 0304 10 98, 0304 20 19, 0304 90 35, 0304 90 38, 0304 90 39, 0304 90 41, 0304 90 47, 0304 90 59, úr 0304 90 97	64	TONN	Enginn	frá 1. janúar til 31. desember	0%	Viðbótarbókunin frá 1996

<sup>1</sup> ST-númerið fyrir hvern tollkvóta sem settur er fram í þessum viðbæti er sama ST-númer og sett er fram í samningnum sem upprunalega kom á tollkvótanum í viðskiptum með afurðir milli Evrópusambandsins og Íslands, einnig þegar þessi upprunalega vísun í ST-númer hefur síðar verið lögð niður eða henni breytt. Til að taka af allan vafa er vörusvið hvers tollkvóta sem sett er fram í þessum viðbæti hið sama og gildir milli Evrópusambandsins og Íslands rétt fyrir lok samningsaðildartímabilsins.

Raðnúmer	Vara	ST-númer <sup>1</sup>	Magn kvóta	Eining	Afnámsflokkur	Kvótatímabil	Kvótagjald	Upprunalegur samningur
	Fryst kjöt af tegundinni <i>Gadus ogac</i> og af fiski af tegundinni <i>Boreogadus saida</i> Fryst kjöt af ufsa Fryst kjöt af lýsingi af ættkvíslinni <i>Merluccius</i> Fryst kjöt af kolmunna Fryst kjöt af öðrum sjávarfiski, þó ekki af makríl							
090796	Leturhumar, frystur	0306 19 30	4.	TONN	Enginn	frá 1. janúar til 31. desember	0%	Viðbótarbókunin frá 1996
090811	Flök af karfa ( <i>Sebastes spp.</i> ), ný eða kæld	0304 49 50	11	TONN	Enginn	1. maí – 30. apríl (tímabundinn kvóti til 30. apríl 2021)	0%	Viðbótarbókunin frá 2016
090812	Síld af tegundunum <i>Clupea harengus</i> og <i>Clupea pallasii</i> , fryst, þó ekki lifur og hrogn <sup>2</sup>	0303 51 00	33	TONN	Enginn	1. maí – 30. apríl (tímabundinn kvóti til 30. apríl 2021)	0%	Viðbótarbókunin frá 2016
090833	Kindakjöt	0204, 0210	692	TONN	Enginn	1. janúar – 31. desember	0%	Bréfaskiptin frá 2017
094226	Skyr	úr 0406	329	TONN	Enginn	1. janúar – 30. júní = 165 tonn 1. júlí – 31. desember = 164 tonn	0%	Bréfaskiptin frá 2017

<sup>2</sup> Vörur, sem hafa verið afgreiddar í frjálst flæði á tímabilinu 1. febrúar til 30. júní, skulu ekki njóta hagræðis af tollkvótum.

Tollkvótar sem Ísland útdeilir fyrir vörur upprunnar á Bretlandi:

Vara <sup>3</sup>	ST-númer <sup>4</sup>	Magn kvóta	Eining	Afnámsflokkur	Kvótatímabil	Kvótagjald	Upprunalegur samningur
Ostur (vernduð upprunatáknun VUT eða vernduð, landfræðileg merking VLM)	úr 0406	11	TONN	Enginn	1. janúar – 31. desember	0%	Bréfaskiptin frá 2017
Ostur	0406	19	TONN	Enginn	1. janúar – 31. desember	0%	Bréfaskiptin frá 2017
Unnar kjötafurðir	1602	18	TONN	Enginn	1. janúar – 31. desember	0%	Bréfaskiptin frá 2017

<sup>3</sup> Sú vörulýsing fyrir hvern tollkvóta sem settur er fram í þessum viðbæti er sama vörulýsing og sett er fram í samningnum sem upprunalega kom á tollkvótanum í viðskiptum með vörur milli Evrópusambandsins og Íslands, einnig þegar upprunalegu lýsingunni hefur síðar verið breytt að verulegu leyti.

<sup>4</sup> ST-númerið fyrir hvern tollkvóta sem settur er fram í þessum viðbæti er sama ST-númer og sett er fram í samningnum sem upprunalega kom á tollkvótanum í viðskiptum með afurðir milli Evrópusambandsins og Íslands, einnig þegar þessi upprunalega vísun í ST-númer hefur síðar verið lögð niður eða henni breytt. Til að taka af allan vafa er vörusvið hvers tollkvóta sem sett er fram í þessum viðbæti hið sama og gildir milli Evrópusambandsins og Íslands rétt fyrir lok samningsaðildartímabilsins.

IV. VIÐAUKI  
BÓKUN UM UPPRUNAREGLUR

I. BÁLKUR  
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

*Skilgreiningar.*

Í bókun þessari merkir:

- a) „*framleiðsla*“: hvers konar aðvinnsla, þ.m.t. samsetning eða sérvinnsla,
- b) „*efni*“: hvers konar efnispáttur, hráefni, íhluti eða hluti o.s.frv. sem notað er við framleiðslu vörunnar,
- c) „*framleiðsluvara*“: vara sem er framleidd, jafnvel þótt fyrirhugað sé að nota hana við annars konar framleiðslu síðar,
- d) „*vara*“: bæði efni og framleiðsluvörur,
- e) „*tollverð*“: verð sem ákveðið er í samræmi við samning um framkvæmd VII. gr. hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti frá 1994,
- f) „*verksmiðjuverð*“: verð sem framleiðanda hjá samningsaðila er greitt fyrir framleiðsluvöruna frá verksmiðju hafi lokaáðvinnsla vörunnar farið fram í fyrirtæki hans, að því tilskildu að í verðinu sé innifalið verðmæti alls efnis sem notað er, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má þegar varan sem er fengin er flutt út,
- g) „*verðmæti efnis*“: tollverð við innflutning á efni sem notað hefur verið og er ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnið hjá útflutningssamningsaðilanum,
- h) „*verðmæti upprunaefna*“: verðmæti slíkra efna eins og skilgreint er í g-lið að breyttu breytanda,
- i) „*virðisauki*“: verksmiðjuverð, að frádregnu tollverði hvers efnis sem er notað og upprunið í öðrum löndum, sem um getur í 3. gr., þar sem uppsöfnun á við, eða, ef tollverð er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir slíkt efni hjá útflutningssamningsaðilanum,
- j) „*kaflar*“ og „*vöruliðir*“: kaflar og vöruliðir (fjögurra tölustafa tákn) í nafnaskránni sem myndar samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána sem í þessari bókun er vísað til sem „samræmdu tollskrárinnar“ eða „ST“,
- k) „*flokkað*“: flokkun framleiðsluvara eða efna undir tilteknum vörulið,
- l) „*vörusending*“: framleiðsluvörur sem eru annaðhvort sendar samtímis frá einum útflytjanda til eins viðtakanda, eða vörur sem hafðar eru á sama flutningsskjali vegna flutnings frá útflytjanda til viðtakanda eða á sama vöruheikningi ef flutningsskjal er ekki fyrir hendi,
- m) „*yfirráðasvæði*“: einnig landhelgi,
- n) „*innfelldir viðaukar I til IVb við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda*“: viðaukar I til IVb í I. viðbæti við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda sem veita fríðindi, eins og þeir viðaukar eru felldir inn með 40. gr. þessarar bókunar.

## II. BÁLKUR SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“

### 2. gr.

#### *Almennar kröfur.*

Eftirtaldar framleiðsluvörur skulu, við framkvæmd þessa samnings, teljast upprunnar hjá samningsaðila:

- a) framleiðsluvörur sem eru fengnar að öllu leyti hjá samningsaðila í skilningi 4. gr.,
- b) framleiðsluvörur fengnar hjá samningsaðila, sem í eru notuð efni sem eru ekki að öllu leyti fengin þar, að því tilskildu að slík efni hafi hlotið nægilega aðvinnslu hjá samningsaðilanum í skilningi 5. gr.

### 3. gr.

#### *Uppsöfnun uppruna.*

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. gr. skulu framleiðsluvörur taldar upprunnar hjá útflutningssamningsaðilanum þegar þær eru fluttar út til annars samningsaðila ef slíkar framleiðsluvörur eru fengnar þar og innihalda efni sem upprunnin eru hjá samningsaðila eða í landi sem er á skrá í viðbæti C, að því tilskildu að sú aðvinnsla sem fer fram hjá útflutningssamningsaðilanum sé meiri en aðvinnslan sem um getur í 6. gr. Slík efni þurfa ekki að hafa fengið nægilega aðvinnslu.
2. Með fyrirvara um ákvæði 2. gr. skulu framleiðsluvörur taldar upprunnar hjá útflutningssamningsaðilanum ef þær eru fluttar út til annars samningsaðila þegar slíkar framleiðsluvörur eru fengnar þar og innihalda efni sem upprunnin eru í landi sem er á skrá í viðbæti D, að því tilskildu að sú aðvinnsla sem fer fram hjá útflutningssamningsaðilanum sé meiri en aðvinnslan sem um getur í 6. gr. Slík efni þurfa ekki að hafa fengið nægilega aðvinnslu.
3. Með fyrirvara um ákvæði 2. gr. skal líta á aðvinnslu, sem fram fer í Bretlandi, á Íslandi, í Noregi eða Evrópusambandinu, sem aðvinnslu hjá útflutningssamningsaðilanum þegar framleiðsluvörurnar fá síðari aðvinnslu sem er umfram þær aðgerðir sem um getur í 6. gr.
4. Að því er varðar uppsöfnun sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., þar sem aðvinnsla sem fram fer hjá útflutningssamningsaðilanum er ekki umfram þær aðgerðir sem um getur í 6. gr., skal framleiðsluvaran einungis talin upprunnin hjá samningsaðila ef virðisaukinn þar er meiri en verðmæti þeirra efna sem notuð voru og upprunnin eru í einhverju landanna sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. Að öðrum kosti skal framleiðsluvaran talin upprunnin í því landi þar sem verðmæti upprunaefna, sem notuð voru við framleiðslu hjá samningsaðila, voru mest.
5. Að því er varðar uppsöfnun, sem kveðið er á um í 3. mgr., þar sem aðvinnsla sem fram fer hjá útflutningssamningsaðilanum er ekki umfram þær aðgerðir sem um getur í 6. gr., skal framleiðsluvaran einungis talin upprunnin hjá útflutningssamningsaðilanum ef virðisaukinn þar er meiri en verðmæti þeirra efna sem notuð voru og upprunnin eru í einhverju hinna landanna.
6. Framleiðsluvörur, sem upprunnar eru í einu þeirra landa sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. og ekki fer fram nein aðvinnsla á þeim hjá útflutningssamningsaðilanum, halda uppruna sínum við útflutning til einhvers þessara landa.
7. Uppsöfnun sem kveðið er á um í þessari grein getur einungis farið fram ef:
  - a) Uppsöfnun sem kveðið er á um í þessari grein að því er Evrópusambandið varðar getur einungis farið fram ef:
    - i. viðkomandi samningsaðilar og Evrópusambandið hafa gert með sér samkomulag um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem tryggir rétta framkvæmd þessarar greinar,
    - ii. efnin og framleiðsluvörurnar hafa öðlast upprunaréttindi við beitingu sams konar upprunareglna og er að finna í bókun þessari og
    - iii. auglýsingar um nauðsynlegar kröfur, sem ber að uppfylla við uppsöfnun, hafi verið birtar hjá hlutaðeigandi samningsaðilum.
  - b) Ef ekki er kveðið á um annað í a-lið 7. mgr. má beita uppsöfnun sem kveðið er á um í þessari grein að því tilskildu að:
    - i. fríðindasamningur í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 („GATT-samningurinn frá 1994“) gildi milli landanna sem eiga þátt í öflun upprunaréttinda og ákvörðunarlandsins,



- ii. efnin og framleiðsluvörurnar hafi öðlast upprunaréttindi við beitingu sams konar upprunareglna og er að finna í bókun þessari og
- iii. auglýsingar um nauðsynlegar kröfur, sem ber að uppfylla við uppsöfnun, hafi verið birtar hjá hlutaðeigandi samningsaðilum.

Samningsaðilarnir skulu láta hver öðrum í té efni samkomulagsins eða samninganna, þ.m.t. gildistökuðag þeirra, og samsvarandi upprunareglur sem gilda gagnvart hinum löndunum sem um getur í 1. og 2. mgr.

#### 4. gr.

##### *Að öllu leyti heimafengnar vörur.*

1. Eftirtaldar vörur teljast fengnar að öllu leyti hjá samningsaðila:
  - a) jarðefni unnin úr jörðu þess eða úr hafsbotni þess,
  - b) vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar,
  - c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin,
  - d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin,
  - e) veiðibrað og fiskafurðir sem aflað er með veiðum þar,
  - f) sjávarafurðir og aðrar afurðir sem skip samningsaðila draga úr sjó utan landhelgi þeirra,
  - g) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þeirra, eingöngu úr afurðum sem getið er í f-lið,
  - h) notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr, þ.á m. notaðir hjólbarðar sem nýtast eingöngu til sólunar eða sem úrgangur,
  - i) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar,
  - j) framleiðsluvörur unnar úr yfirborðslögum eða undirlögum hafsbotsins utan landhelgi þeirra, að því tilskildu að þeir hafi einkarétt á að nýta þessi lög,
  - k) vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til j-lið.
2. Orðin „skip þeirra“ og „verksmiðjuskip þeirra“ í f- og g-lið 1. mgr. eiga aðeins við um skip og verksmiðjuskip:
  - a) sem eru skráð eða skrásett í Bretlandi, Noregi eða á Íslandi,
  - b) sem sigla undir fána Bretlands, Noregs eða Íslands,
  - c) sem eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eign ríkisborgara Bretlands, aðildarríkis Evrópusambandsins eða Noregs eða Íslands, eða í eign fyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í einu þessara ríkja enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess, stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar Bretland, aðildarríkis Evrópusambandsins eða Noregs eða Íslands; auk þess sem að minnsta kosti helmingur höfuðstóls sé í eigu þessara ríkja eða opinberra stofnana eða ríkisborgara nefndra ríkja, ef um er að ræða sameignarfélög eða hlutafélög,
  - d) þar sem skipstjóri og yfirmenn eru ríkisborgarar Bretlands, aðildarríkis Evrópusambandsins eða Noregs eða Íslands, og
  - e) þar sem að minnsta kosti 75 af hundraði áhafnarinnar eru ríkisborgarar Bretlands, aðildarríkis Evrópusambandsins eða Noregs eða Íslands.

#### 5. gr.

##### *Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu.*

1. Að því er varðar 2. gr. skulu framleiðsluvörur, sem eru ekki heimafengnar að öllu leyti, teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu hafi skilyrðum í skrá sem vísað er til í innfelldum II. viðauka við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda verið fullnægt. Skilyrði þau sem um getur hér að framan eiga við um aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð við framleiðslu allra vara sem samningur þessi tekur til, og gilda þau einungis um slík efni. Af þeim sökum skal framleiðsluvara, sem telst upprunavara vegna þess að skilyrðum sem sett eru í skrá um hana er fullnægt og er notuð við framleiðslu annarrar vöru, ekki þurfa að fullnægja skilyrðum sem gilda um vöruna sem hún er sett saman við, og skal ekki taka tillit til þess að efnin sem notuð eru við framleiðslu hennar eru ekki upprunaefni.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu efni, sem ekki teljast upprunaefni, ekki notuð í framleiðsluvöru samkvæmt skilyrðum sem sett eru í skrá innfellds II. viðauka við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda yfir hana nema því aðeins að:
  - a) heildarverðmæti þeirra sé ekki meira en 10% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar,
  - b) ekki sé farið fram úr einni eða fleiri hundradshlutatölum af því hámarksverðmæti, sem gefið er upp fyrir efni sem ekki teljast upprunaefni og fram koma í skránni, á grundvelli þessarar málsgreinar.  
Þessi málsgrein gildir ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50.-63. kafla í samræmdu tollskránni.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda með fyrirvara um 6. gr.

## 6. gr.

*Ófullnægjandi aðvinnsla.*

1. Með fyrirvara um 2. mgr. teljast eftirfarandi aðgerðir vera ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 5. gr. hafi verið fullnægt:
  - a) aðgerðir til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur,
  - b) uppskipting og sameining vörusendinga,
  - c) þvottur, hreinsun; ryk, ryð, olía, málning og annað yfirborðsefni fjarlæggt,
  - d) straujun og pressun textílefna,
  - e) einfaldar aðgerðir til að mála og fægja,
  - f) afhýðing, bleiking í heild eða að hluta, slípun og sykurlúðun korns og hrisgrjóna,
  - g) aðgerðir til að lita sykurlúð eða búna til sykurmola,
  - h) aðgerðir til að afhýða, taka steina úr og skurn af ávöxtum, hnetum og grænmeti,
  - i) skerping, einföld slípun eða einfaldur skurður,
  - j) sigtun, sáldun, sundurgreining, flokkun, velja saman (þar á meðal að setja hluti í samstæður),
  - k) einföld setning á flöskur, í dósir, poka, öskjur, kassa, á spjöld eða töflur og allar aðrar einfaldar þökkunaraðgerðir,
  - l) festing merkja, miða, kennimerkja og annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra,
  - m) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki,
  - n) blöndun sykurs við hvers kyns efni,
  - o) einföld samsetning vöruhluða þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara eða sundurhlutuð framleiðsluvara,
  - p) sambland tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til o-lið,
  - q) slátrun dýra.
2. Litið skal á allar aðgerðir, sem fara fram hjá útflutningssamningsaðilanum á tiltekinni framleiðsluvöru, sem eina heild þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi 1. mgr.

## 7. gr.

*Skilgreiningareining.*

1. Skilgreiningareining vegna beitingar ákvæða þessarar bókuvar er sú framleiðsluvara sem telst grunneining við flokkun samkvæmt nafnaskrá samræmdu tollskrárinnar.  
Af þessu leiðir að:
  - a) þegar framleiðsluvara sem er sett saman úr mörgum hlutum er flokkuð í samræmdu tollskránni í einn og sama vörulið telst heildin vera ein skilgreiningareining,
  - b) þegar í vörusendingu eru margar framleiðsluvörur af sama tagi, sem flokkaðar eru í sama vörulið í samræmdu tollskránni, skal hver einstök framleiðsluvara tekin fyrir þegar ákvæðum þessarar bókuvar er beitt.
2. Þegar umbúðir eru skv. 5. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar taldar hluti framleiðsluvöru við flokkun skal telja þær með við ákvörðun uppruna.

## 8. gr.

*Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri.*

Fylgihluti, varahluti og verkfæri, sem send eru með búnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður og eru innifalin í verðinu eða eru ekki á sérstökum vörureikningi, skal skoða sem hluta af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

## 9. gr.

*Samstæður.*

Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar, skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir vöruíhlutar eru upprunavörur. Þó skal samstæða, sem er samsett bæði af upprunavörum og vörum sem eru ekki upprunavörur, öll teljast upprunavara, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara, sem eru ekki upprunavörur, sé ekki meira en 15% af verksmiðjuverði samstæðunnar.

## 10. gr.

*Atriði sem hafa ekki áhrif.*

Þegar ákvarða skal hvort framleiðsluvara telst vera upprunavara er ekki nauðsynlegt að ákvarða uppruna eftirfarandi, þótt notað hafi verið við framleiðslu vörunnar:

- a) orku og eldsneytis,
- b) verksmiðju og búnaðar,
- c) véla og verkfæra,
- d) vara sem eru hvorki hluti af lokagerð framleiðsluvörunnar né ætlað að vera það.

## III. BÁLKUR

## SKILYRÐI VARÐANDI YFIRRÁÐASVÆÐI

## 11. gr.

*Meginreglan um yfirráðasvæði.*

1. Fullnægja verður skilyrðum í II. bálki um öflun upprunaréttinda óslitið hjá útflutningssamningsaðilanum, nema að því leyti sem kveðið er á um í 3. gr. og 3. mgr. þessarar greinar.
2. Ef ekki er kveðið á um annað í 3. gr. skal ekki litið á vörur sem eru fluttar út frá samningsaðila til annars lands sem upprunavörur þegar þær eru fluttar inn aftur nema hægt sé að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:
  - a) vörurnar sem eru fluttar inn aftur séu þær sömu og voru fluttar út, og
  - b) ekki hafi verið gerð á þeim nein aðgerð umfram það sem nauðsynlegt má teljast til að varðveita gæði þeirra í því landi eða á meðan á útflutningi stóð.
3. Aðvinnsla utan útflutningssamningsaðilans á efnnum sem flutt eru út frá samningsaðilanum og síðan aftur flutt þangað inn hefur engin áhrif á öflun upprunaréttinda í samræmi við þau skilyrði sem um getur í II. bálki, að því tilskildu að:
  - a) efnin hafi verið fengin að öllu leyti hjá útflutningssamningsaðilanum eða hlotið þar meiri aðvinnslu en getið er í 6. gr. áður en þau voru flutt út, og
  - b) hægt sé að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:
    - i. endurinnflutta framleiðsluvaran sé til orðin við aðvinnslu hinna útfluttu efna, og
    - ii. heildarupphæð virðisauka sem er áunninn utan útflutningssamningsaðilans og fæst við beitingu þessarar greinar sé ekki meiri en 10% af verksmiðjuverði þeirrar fullnunu framleiðsluvöru sem upprunaréttinda er krafist fyrir.
4. Að því er varðar 3. mgr., skulu skilyrði í II. bálki um öflun upprunaréttinda ekki gilda um aðvinnslu utan útflutningssamningsaðilans. Ef reglu í skrá innfellds II. viðauka við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda um hámarksverð fyrir öll efni, sem eru notuð en eru ekki upprunaefni, er beitt til að ákvarða uppruna fullunninnar framleiðsluvöru skal heildarverðmæti efna, sem eru notuð á yfirráðasvæði hlutaðeigandi samningsaðila en eru ekki upprunaefni, ásamt heildarvirðisauka, sem fæst utan þess samningsaðila með beitingu ákvæða þessarar greinar, ekki vera hærri en uppgefinn hundraðshluti.

5. Að því er varðar 3. og 4. mgr. merkir „heildarupphæð virðisauka sem áunninn er“ allur sá kostnaður sem safnast hefur saman utan útflutningssamningsaðilans, að meðtöldu verðmæti efnanna sem bætist við.
6. Ákvæði 3. og 4. mgr. gilda ekki um framleiðsluvörur, sem fullnægja ekki þeim skilyrðum sem talin eru í innfelldum II. viðauka við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda, eða sem geta einungis talist hafa hlotið nægjanlega aðvinnslu þegar beitt er leyfilegum mörkum sem um getur í 2. mgr. 5. gr.
7. Ákvæði 3. og 4. mgr. gilda ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50.-63. kafla í samræmdu tollskránni.
8. Hvers konar aðvinnsla utan útflutningssamningsaðilans, sem fellur undir þessa grein, skal fara fram á grundvelli fyrirkomulags um óvirka vinnslu eða sambærilegs fyrirkomulags.

## 12. gr.

*Beinn flutningur.*

1. Sú fríðindameðferð sem kveðið er á um í þessum samningi gildir einungis um framleiðsluvörur sem fullnægja kröfum, sem settar eru fram í þessari bókun, og eru fluttar beint milli samningsaðilanna eða um yfirráðasvæði þeirra landa, sem um getur í 3. og 4. gr., þar sem uppsöfnun á við. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur í einni vörusendingu um önnur yfirráðasvæði vegna umfermingar eða bráðabirgðageymslu á þeim yfirráðasvæðum, ef tilefni er til, að því tilskildu að vörurnar séu undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umfermingin eða geymslan á sér stað og hljóti ekki aðra meðferð en affermingu, endurfermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.  
Heimilt er að flytja framleiðsluvörur, sem eru upprunavörur, um leiðslukerfi yfir önnur yfirráðasvæði en yfirráðasvæði þeirra samningsaðila sem koma fram sem útflutningssamningsaðili og innflutningssamningsaðili.
2. Til að taka af allan vafa má skv. 1. mgr skipta vörusendingum sem eru í umflutningi á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, að því tilskildu að þær séu hafðar undir eftirliti tollyfirvalda í umflutningsaðildarríkinu.
3. Sannanir um að skilyrðunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., hafi verið fullnægt skulu lagðar fram hjá tollyfirvöldum innflutningssamningsaðilans með:
  - a) einu flutningsskjali sem gildir um flutninginn frá útflutningssamningsaðilanum um umflutningslandið eða
  - b) vottorði, sem tollyfirvöld umflutningslandsins gefa út, þar sem fram kemur:
    - i. nákvæm lýsing á framleiðsluvörunni,
    - ii. dagsetningar affermingar og endurfermingar og, þar sem við á, heiti hlutaðeigandi skipa eða annars flutningsmáta, og
    - iii. við hvaða aðstæður framleiðsluvaran var geymd í umflutningslandinu eða
  - c) að öðrum kosti, hvers konar skjölum sem færa sönnur á þetta.

## 13. gr.

*Sýningar.*

1. Upprunavörur sem sendar eru á vörusýningu í öðru landi en þeim sem um getur í 3. gr. og uppsöfnun á við um og seldar eru eftir sýninguna til innflutnings hjá samningsaðila skulu við innflutninginn njóta hags af ákvæðum þessa samnings, að því tilskildu að sýnt sé fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:
  - a) útflytjandi hafi sent þessar framleiðsluvörur frá einum samningsaðilanna til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar,
  - b) sá útflytjandi hafi selt framleiðsluvörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti til viðtakanda hjá öðrum samningsaðila,
  - c) framleiðsluvörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar til sýningar, og
  - d) framleiðsluvörurnar hafi ekki frá því að þær voru sendar til sýningar verið notaðar í öðru skyni en til viðkomandi sýningar.

2. Sönnun á uppruna skal gefin út eða útbúin í samræmi við ákvæði V. bálks og lögð fram með venjulegum hætti hjá tollyfirvöldum innflutningssamningsaðilans. Þar skal tilgreint nafn sýningarinnar og sýningarstaður. Ef nauðsyn ber til má krefjast skjalfestra viðbótarsönnunargagna um við hvaða aðstæður framleiðsluvörurnar eru sýndar.
3. Ákvæði 1. mgr. skulu taka til allra vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýninga, kaupstefna eða áþekkra opinberra sýninga sem eru ekki skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í sölubúðum eða verslunarhúsnæði með það fyrir augum að selja erlendar framleiðsluvörur, enda séu þær undir tollefirliti meðan á sýningu stendur.

#### IV. BÁLKUR ENDURGREIÐSLA EÐA UNÐANÞÁGA

14. gr.

*Bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum.*

1. Efni sem ekki eru upprunaefni og notuð eru við framleiðslu á vörum, sem eru upprunavörur hjá samningsaðila, og gefin hefur verið eða útbúin sönnun á uppruna fyrir í samræmi við ákvæði V. bálks, skulu ekki njóta endurgreiðslu á eða undanþágu frá neins konar tollum hjá neinum samningsaðilanna.
2. Bannið í 1. mgr. gildir um hvers konar fyrirkomulag varðandi endurgreiðslur, eftirgjöf eða niðurfellingu á greiðslum, að fullu eða að hluta, á tollum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif sem beitt er hjá einhverjum samningsaðilanna vegna efna sem notuð eru við framleiðslu ef slíkum endurgreiðslum, eftirgjöf eða niðurfellingu á greiðslum er beitt, beint eða í reynd, þegar framleiðsluvaran, sem unnin er úr áður nefndum efnum, er flutt út en ekki þegar hún er til notkunar innanlands.
3. Útflytjandi framleiðsluvöru, sem sönnun á uppruna tekur til, skal vera reiðubúinn að leggja fram, hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda, öll tilheyrandi skjöl því til staðfestingar að ekki hafi verið um endurgreiðslu að ræða fyrir þau efni sem eru ekki upprunaefni og notuð voru við framleiðslu á viðkomandi vöru og að allir tollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif og falla á slík efni, hafi verið greidd.
4. Ákvæði 1.-3. mgr. gilda einnig um umbúðir í skilningi 2. mgr. 7. gr., fylgihluti, varahluti og verkfæri í skilningi 8. gr. og framleiðsluvörur í samstæðum í skilningi 9. gr. þegar slíkir hlutir eru ekki upprunavörur.
5. Ákvæði 1.-4. mgr. gilda aðeins um efni þeirrar tegundar sem þessi samningur tekur til. Þau skulu heldur ekki koma í veg fyrir að beitt verði ráðstöfunum um endurgreiðslu vegna landbúnaðarafurða við útflutning í samræmi við ákvæði þessa samnings.

#### V. BÁLKUR SÖNNUN Á UPPRUNA

15. gr.

*Almennar kröfur.*

1. Við innflutning til eins samningsaðilanna skulu upprunavörur njóta hags af ákvæðum þessa samnings gegn framvísun einnar af eftirfarandi sönnunum á uppruna:
  - a) EUR.1-flutningsskírteinis, samkvæmt fyrirmynd í innfelldum III. viðauka a við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda,
  - b) EUR-MED-flutningsskírteinis, samkvæmt fyrirmynd í innfelldum III. viðauka b við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda,
  - c) í þeim tilvikum sem frá er greint í 1. mgr. 21. gr., yfirlýsingar, hér á eftir nefnd „upprunayfirlýsing“ eða „EUR-MED upprunayfirlýsing“, en texta hennar er að finna í innfelldum IV. viðauka a og b við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda, sem útgefandi gefur á vöru-reikningi, afhendingarseðli eða öðru því viðskiptaskjali sem lýsir viðkomandi framleiðsluvöru nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á hana.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu upprunavörur í skilningi þessarar bókunar, í þeim tilvikum sem greint er frá í 26. gr., njóta hags af ákvæðum þessa samnings án þess að nauðsynlegt sé að framvísa neinni þeirra sannana um uppruna sem um getur í 1. mgr.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. og sem valkostur við ákvæðin sem varða útgáfu flutningsskírteina og ef tollyfirvöld útflutnings- og innflutningssamningsaðilans samþykkja það skulu samningsaðilarnir samþykkja EUR.1-flutningsskírteini sem gefin eru út rafrænt af tollyfirvöldum samningsaðila. Ákvæði 1. og 2. mgr. innfellds III. viðauka a við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda skulu ekki gilda ef flutningsskírteinið er gefið út og staðfest með rafrænum hætti heldur skal eftirfarandi gilda:
- í stað blekstimpla, sem tollyfirvöld eða þar til bær stjórnvöld nota til að staðfesta EUR.1-flutningsskírteini (reitur 11), kemur mynd eða rafrænar stimplar,
  - í reitum 11 og 12 koma eftirmyndir undirskrifta eða rafrænar undirskriftir í stað upprunalegra undirskrifta,
  - tilgreina skal upplýsingarnar í reit 11 varðandi form og númer útflutningsskjalsins ef þess er krafist í reglum útflutningssamningsaðilans,
  - á skírteininu skal koma fram raðnúmer eða kóði til auðkenningar og
  - gefa má vottorðið út á hvaða opinbera tungumáli samningsaðilanna sem er.

## 16. gr.

*Reglur um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis eða EUR-MED flutningsskírteinis.*

- Tollyfirvöld útflutningssamningsaðilans skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini hafi útflytjandi skilað inn skriflegri umsókn eða viðurkenndur fulltrúi hans á hans ábyrgð.
- Útflytjandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal í þessu skyni bæði fylla út EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini og umsóknina en sýnishorn af þeim er að finna í innfelldum III. viðauka a og b við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda. Eyðublöðin skal fylla út á ensku, íslensku eða norsku og í samræmi við ákvæði landslaga útflutningssamningsaðilans. Ef eyðublöðin eru handskrifuð skulu þau útfyllt með bleki og með prentstöfum. Gefa verður vörulýsinguna í reitnum sem er ætlaður til þess án þess að skilja eftir auðar línur. Ef reitur er ekki notaður að fullu skal draga lárétta línu neðan við síðustu línu lýsingarinnar og strika yfir ónýtta svæðið.
- Útflytjandi, sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis eða EUR-MED flutningsskírteinis, skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda útflutningssamningsaðilans þar sem EUR.1-flutningsskírteinið eða EUR-MED flutningsskírteinið er gefið út, öll tilheyrandi skjöl þar sem vottað er að viðkomandi framleiðsluvara sé upprunavara og að öllum öðrum kröfum, sem settar eru fram í þessari bókun, sé fullnægt.
- Með fyrirvara um 5. mgr. skulu tollyfirvöld útflutningssamningsaðilans gefa út EUR.1-flutningsskírteini í eftirfarandi tilvikum:
  - ef viðkomandi vörur geta talist upprunnar hjá útflutningssamningsaðilanum eða í einu landanna, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., þar sem uppsöfnun á við, án þess að fram fari uppsöfnun efna sem upprunnin eru í einu landanna, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., og fullnægja öðrum kröfum þessarar bókunar,
  - ef viðkomandi vörur geta talist upprunnar í einu landanna, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., þar sem uppsöfnun á við, án þess að fram fari uppsöfnun efna sem upprunnin eru í einu landanna, sem um getur í 3. gr., og fullnægja öðrum kröfum þessarar bókunar, að því tilskildu að í upprunalandinu hafi verið gefið út EUR-MED skírteini eða EUR-MED upprunayfirlýsing.
- Tollyfirvöld útflutningssamningsaðilans skulu gefa út EUR-MED flutningsskírteini ef viðkomandi framleiðsluvörur geta talist upprunnar hjá útflutningssamningsaðilanum eða í einu landanna, sem um getur í 3. gr., þar sem uppsöfnun á við, og fullnægja öðrum kröfum þessarar bókunar og:
  - uppsöfnun fór fram að því er varðar efni sem eru upprunnin í einu landanna sem um getur í 2. mgr. 3. gr. eða
  - heimilt er að nota framleiðsluvörurnar sem efni með skírskotun til uppsöfnunar vegna framleiðslu vara til útflutnings til einhvers af löndunum sem um getur í 2. mgr. 3. gr. eða
  - heimilt er að flytja framleiðsluvörurnar aftur út frá ákvörðunarlandinu til eins þeirra landa sem um getur í 2. mgr. 3. gr.
- Í reit 7 á EUR-MED flutningsskírteininu skal vera önnur hvor eftirtalinna yfirlýsinga á ensku:

- a) ef upprunaréttindi hafa fengist með uppsöfnun með upprunaefnum frá einu eða fleiri af löndunum sem um getur í 3. gr.:  
„CUMULATION APPLIED WITH ...“ (heiti lands/landa),
  - b) ef upprunaréttindi hafa fengist án þess að fram fari uppsöfnun með upprunaefnum frá einu eða fleiri af löndunum sem um getur í 3. gr.:  
„NO CUMULATION APPLIED“
7. Þau tollyfirvöld sem gefa út EUR. 1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini skulu gera það sem þarf til að sannreyna að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunavörur og að öðrum kröfum þessarar bóknar hafi verið fullnægt. Þau hafa í þessu tilliti rétt til að krefjast hvers konar sannana og að athuga bókhald útflytjandans eða viðhafa hvers konar annað eftirlit sem þau álíta nauðsynlegt. Þau skulu einnig tryggja að þau eyðublöð sem um getur í 2. mgr. séu rétt útfyllt. Einkum skal athuga hvort það svæði sem ætlað er fyrir vörulýsingu sé útfyllt þannig að engin hættu sé á sviksamlegum viðbótum.
  8. Útgáfudagur EUR.1-flutningsskírteinis eða EUR-MED flutningsskírteinis skal koma fram í reit 11 á skírteininu.
  9. Tollyfirvöld skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini til handa útflytjandanum um leið og útflytningur hefur átt sér stað eða verið tryggður.

## 17. gr.

*EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini gefin út eftir á.*

1. Þrátt fyrir 9. mgr. 16. gr. er heimilt, í undantekningartilvikum, að gefa út EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini eftir að útflytningur framleiðsluvörunnar hefur átt sér stað, að því tilskildu að:
  - a) það hafi ekki verið gefið út þegar útflytningurinn átti sér stað vegna mistaka eða yfirsjóna eða sérstakra kringumstæðna, eða
  - b) sýnt sé fram á það á fullnægjandi hátt að mati tollyfirvalda að EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini hafi verið gefið út en ekki verið viðurkennt við innflutning af tæknilegum ástæðum.
2. Þrátt fyrir 9. mgr. 16. gr. er heimilt, í undantekningartilvikum, að gefa út EUR-MED flutningsskírteini eftir útflytning framleiðsluvörunnar, sem EUR.1-flutningsskírteini var útgefið fyrir, að því tilskildu að sýnt sé fram á það á fullnægjandi hátt að skilyrðunum, sem um getur í 5. mgr. 16. gr., hafi verið fullnægt að mati tollyfirvalda.
3. Við framkvæmd 1. og 2. mgr. skal útflytjandinn taka fram í umsókninni hvar og hvenær útflytningur framleiðsluvöru, sem EUR.1-flutningsskírteinið eða EUR-MED flutningsskírteinið á við um, hafi átt sér stað og taka fram ástæður fyrir beiðninni.
4. Tollyfirvöldum er einungis heimilt að gefa út EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini eftir á þegar gengið hefur verið úr skugga um að upplýsingarnar, sem fram koma í umsókn útflytjandans, séu samhljóða þeim sem viðkomandi gögn hafa að geyma.
5. EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini, sem eru gefin út eftir á, skulu vera árituð með eftirfarandi setningu á ensku:  
„ISSUED RETROSPECTIVELY“  
EUR-MED flutningsskírteini, sem eru gefin út eftir á skv. 2. mgr., skulu vera árituð með eftirfarandi setningu á ensku:  
„ISSUED RETROSPECTIVELY (Original EUR.1 No.....(útgáfustaður og -dagur)“
6. Áritunin, sem um getur í 5. mgr., skal færð í reit 7 á EUR.1-flutningsskírteininu eða EUR-MED flutningsskírteininu.

## 18. gr.

*Útgáfa á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini.*

1. Hafi EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandinn sótt um, til þeirra tollyfirvalda sem gáfu það út, að fá eftirrit gert á grundvelli útflytningsskjala sem eru í þeirra vörslu.

2. Eftirritið, sem er gefið út á þennan hátt, skal vera áritað með eftirfarandi orði á ensku: „DUPLICATE“
3. Áritunin, sem um getur í 2. mgr., skal færð í reit 7 á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteininu eða EUR-MED flutningsskírteininu.
4. Eftirritið skal vera með sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR.1-flutningsskírteinið eða EUR-MED flutningsskírteinið og gilda frá og með þeim degi.

## 19. gr.

*Útgáfa EUR.1-flutningsskírteinis eða EUR-MED**flutningsskírteinis á grundvelli sönnunar á uppruna sem gefin var út áður.*

Ef upprunavörur eru settar undir eftirlit tollstöðvar samningsaðila skal sá möguleiki vera fyrir hendi að láta eitt eða fleiri EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini, sem þessi tollstöð gefur út, koma í stað upphaflegrar sönnunar á uppruna í þeim tilgangi að senda allar þessar vörur eða hluta þeirra til annarra staða innan þess samningsaðila. Sú tollstöð, sem hefur eftirlit með framleiðsluvörunum, skal gefa út EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini sem kemur í stað annars skjals.

## 20. gr.

*Aðskilið bókhald.*

1. Ef aðgreining vörubirgða upprunaefna og sams konar efna, sem teljast ekki upprunaefni, sem skipta má út hvert fyrir annað leiðir til verulegs kostnaðar eða áþreifanlegra erfiðleika er toll-yfirvöldum heimilt að leyfa svokallað „aðskilið bókhald“ (hér eftir nefnt „aðferðin“) vegna stjórnunar slíkra birgða, komi fram skrifleg beiðni um það frá viðkomandi aðilum.
2. Með þessari aðferð verður að vera unnt að tryggja að magn framleiðsluvöru sem telja má „upprunavöru“ sé hið sama á tilteknu viðmiðunartímabili og fengist hefði ef vörubirgðum hefði raunverulega verið skipt upp.
3. Tollyfirvöld geta veitt þá heimild sem um getur í 1. mgr. með fyrirvara um viðeigandi skilyrði.
4. Þessari aðferð skal beita og við beitingu skal bóka hana á grundvelli almennra bókhaldsreglna í framleiðslulandi vörunnar.
5. Sá sem nýtur góðs af þessari aðferð getur útbúið upprunavottorð eða, eftir atvikum, farið fram á að gefið verði út upprunavottorð um það magn framleiðsluvara sem geta talist upprunavörur. Hann skal leggja fram, að beiðni tollyfirvalda, yfirlýsingu þar sem fram kemur með hvaða hætti magninu hefur verið stýrt.
6. Tollyfirvöld skulu hafa eftirlit með notkun leyfisins og þeim er heimilt að afturkalla það ef handhafi þess nýtir það með óviðeigandi hætti eða fullnægir ekki einhverju þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í þessari bókun.

## 21. gr.

*Skilyrði fyrir því að gefa út upprunayfirlýsingu eða EUR-MED upprunayfirlýsingu.*

1. Heimilt er að eftirfarandi aðilar gefi út EUR-MED upprunayfirlýsingu sem um getur í c-lið 1. mgr. 15. gr.:
  - a) viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr., eða
  - b) útflytjandi vörusendingar sem samanstendur af einum eða fleiri pökkum sem innihalda upprunavörur að heildarverðmæti ekki meira en 6 000 evrur.
2. Með fyrirvara um 3. mgr. skal útbúa upprunayfirlýsingu í eftirfarandi tilvikum:
  - a) ef viðkomandi vörur geta talist upprunnar hjá samningsaðila eða í einu landanna, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., þar sem uppsöfnun á við, án þess að fram fari uppsöfnun efna sem upprunnin eru í einu landanna, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., og fullnægja öðrum kröfum þessarar bókunar,
  - b) ef viðkomandi vörur geta talist upprunnar í einu landanna, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., þar sem uppsöfnun á við, án þess að fram fari uppsöfnun efna sem upprunnin eru í einu landanna



- sem um getur í 3. gr., og fullnægja öðrum kröfum þessarar bókonar, að því tilskildu að í upprunalandinu sé gefið út EUR-MED skírteini eða EUR-MED upprunayfirlýsing.
3. Heimilt er að gefa út EUR-MED upprunayfirlýsingu ef viðkomandi framleiðsluvörur teljast upprunavörur hjá samningsaðila eða í einu landanna, sem um getur í 3. gr., þar sem uppsöfnun á við og fullnægja öðrum kröfum þessarar bókonar og:
    - a) uppsöfnun fór fram að því er varðar efni sem eru upprunnin í einu landanna sem um getur í 2. mgr. 3. gr. eða
    - b) heimilt er að nota framleiðsluvörurnar sem efni með skírskotun til uppsöfnunar vegna framleiðslu vara til útflutnings til eins af löndunum sem um getur í 2. mgr. 3. gr., eða
    - c) heimilt er að flytja framleiðsluvörurnar aftur út frá ákvörðunarlandinu til eins þeirra landa sem um getur í 2. mgr. 3. gr.
  4. Í EUR-MED upprunayfirlýsingu skal vera önnur hvor eftirtalinna yfirlýsinga á ensku:
    - a) ef upprunaréttindi hafa fengist með uppsöfnun með upprunaefnum frá einu eða fleiri af löndunum sem um getur í 3. gr.:  
„CUMULATION APPLIED WITH ...“ (heiti lands/landa)
    - b) ef upprunaréttindi hafa fengist án þess að fram fari uppsöfnun með upprunaefnum frá einu eða fleiri af löndunum sem um getur í 3. gr.:  
„NO CUMULATION APPLIED“.
  5. Útflytjandi, sem gefur út upprunayfirlýsingu eða EUR-MED upprunayfirlýsingu, skal vera reiðubúinn að leggja fram, hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda útflutningssamningsaðilans, öll tilheyrandi skjöl sem sanna upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara og að öðrum kröfum þessarar bókonar hafi verið fullnægt.
  6. Upprunayfirlýsing eða EUR-MED upprunayfirlýsing skal gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í innfelldum IV. viðauka a og IV. viðauka b við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningssamningsaðilans. Yfirlýsinguna má einnig handskrifa og þá skal skrifað með bleki og prentstöfum.
  7. Á upprunayfirlýsingu og EUR-MED upprunayfirlýsingu skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi, í skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollyfirvöldum útflutningssamningsaðilans skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á upprunayfirlýsingunni eins og hann hafi undirritað hana eigin hendi.
  8. Útflytjandi getur gefið út upprunayfirlýsingu eða EUR-MED upprunayfirlýsingu þegar framleiðsluvörurnar, sem hún tekur til, eru fluttar út eða síðar með því skilyrði að henni sé framvísað hjá innflutningssamningsaðilanum eigi síðar en tveimur árum eftir innflutning framleiðsluvaranna sem hún á við um.

## 22. gr.

*Viðurkenndur útflytjandi.*

1. Tollyfirvöld útflutningssamningsaðilans geta heimilað útflytjanda (hér á eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi“), sem stundar tíðar sendingar á framleiðsluvörum samkvæmt þessum samningi, að gefa út upprunayfirlýsingu eða EUR-MED upprunayfirlýsingu óháð verðmæti viðkomandi framleiðsluvara. Útflytjandi, sem æskir slíkrar heimildar, verður að veita tollyfirvöldum fullnægjandi tryggingar fyrir því að vörurnar séu upprunavörur og fullnægja auk þess öðrum kröfum þessarar bókonar.
2. Tollyfirvöld geta viðurkennt útflytjanda með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi.
3. Tollyfirvöld skulu gefa viðurkenndum útflytjanda tollleyfisnúmer sem skal koma fram á upprunayfirlýsingunni eða á EUR-MED upprunayfirlýsingunni.
4. Tollyfirvöld skulu hafa eftirlit með notkun viðurkennda útflytjandans á leyfinu.
5. Tollyfirvöld geta afturkallað leyfið hvenær sem er. Þau skulu gera það ef viðurkenndi útflytjandinn veitir ekki lengur þær tryggingar sem um getur í 1. mgr., fullnægir ekki þeim skilyrðum sem um getur í 2. mgr. eða misnotar leyfið með öðrum hætti.

## 23. gr.

*Gildistími sönnunar á uppruna.*

1. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi hjá útflutningssamningsaðilanum og skal hún lögð fram innan þess tíma hjá tollyfirvöldum innflutningssamningsaðilans.
2. Heimilt er að taka við sönnun á uppruna, sem lögð er fram hjá tollyfirvöldum innflutningssamningsaðilans eftir að frestur sá sem tilgreindur er í 1. mgr. er útrunninn til að beita fríðindameðferð hafi umrædd skjöl ekki verið lögð fram fyrir lok frestsins vegna sérstakra aðstæðna.
3. Í öðrum tilvikum, þegar sönnun á uppruna er lögð fram of seint, geta tollyfirvöld innflutningssamningsaðilans tekið við henni ef framleiðsluvörur hefur verið framvísað fyrir lok frestsins.

## 24. gr.

*Sönnun á uppruna lögð fram.*

Leggja skal fram sönnun á uppruna hjá tollyfirvöldum innflutningssamningsaðilans í samræmi við þær reglur sem gilda í því landi. Umrædd yfirvöld geta krafist þýðingar á sönnun á uppruna og einnig þess að aðflutningsskýrslunni fylgi greinargerð frá innflytjanda þess efnis að framleiðsluvörurnar fullnægi þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast vegna framkvæmdar þessa samnings.

## 25. gr.

*Innflutningur í áföngum.*

Þegar sundurteknað eða ósamsettar framleiðsluvörur, í skilningi a-liðar 2. reglu í hinum almennu reglum samræmdu tollskrárinnar, sem heyra undir XVI. og XVII. flokk eða nr. 7308 og 9406 í samræmdu tollskránni, eru fluttar inn í hlutum, að beiðni innflytjanda og með þeim skilyrðum sem sett eru af tollyfirvöldum innflutningssamningsaðilans, skal leggja fram eina sönnun á uppruna fyrir þær vörur hjá tollyfirvöldum þegar fyrsti hlutinn er fluttur inn.

## 26. gr.

*Undanþágur frá sönnunum á uppruna.*

1. Framleiðsluvörur, sem eru sendar sem smáböggjar frá einum einstaklingi til annars eða eru í einkafarangri ferðamanna, skulu taldar upprunavörur án þess að framvísa þurfi sönnun á uppruna, að því tilskildu að vörurnar hafi ekki verið fluttar inn á viðskiptagrundvelli og að lýst hafi verið yfir að þær uppfylli kröfur þessarar bókuar og enginn vafi leiki á um sannleiksgildi slíkrar yfirlýsingar. Ef framleiðsluvörurnar eru sendar í pósti má gefa yfirlýsinguna á CN 22/CN 23-tollseðli eða á blaði sem er fest við það skjal.
2. Innflutningur, sem er einstakt tilvik og er eingöngu framleiðsluvörur til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra, skal ekki talinn viðskiptalegs eðlis ef ljóst er af eðli og magni framleiðsluvaranna að enginn viðskiptalegur tilgangur býr að baki.
3. Enn fremur má heildarverðmæti slíkra framleiðsluvara ekki vera meira en 500 evrur ef um litla pakka er að ræða og 1 200 evrur ef um er að ræða framleiðsluvörur í einkafarangri ferðamanna.

## 27. gr.

*Yfirlýsing birgis.*

1. Þegar EUR.1-flutningsskírteini eða upprunayfirlýsing er gefin út hjá einum samningsaðilanna vegna framleiðsluvara sem eru upprunavörur og hafi vörur frá öðrum samningsaðilum eða Evrópusambandinu, sem hlotið hafa aðvinnslu í þessum löndum án þess að öðlast upprunaréttindi, verið notaðar við framleiðslu þessara framleiðsluvara, skal taka tillit til yfirlýsingar birgis um vörurnar í samræmi við þessa grein.
2. Yfirlýsing birgis sem um getur í 1. mgr. skal teljast staðfesting á þeirri aðvinnslu sem viðkomandi vörur hafa hlotið hjá samningsaðila eða í Evrópusambandinu við ákvörðun um hvort þær framleiðsluvörur, sem vörurnar voru notaðar við framleiðslu á, geti talist framleiðsluvörur upprunnar hjá útflutningssamningsaðilanum og fullnægi öðrum kröfum þessarar bókuar.
3. Birgir skal gefa út séryfirlýsingu, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 4. mgr., fyrir hverja vörusendingu á þann hátt sem lýst er í viðbæti A á blaði sem er fest við vörureikninginn,

afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal og lýsa viðkomandi vörum nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á þær.

4. Ef birgir sér tilteknum viðskiptavini reglulega fyrir vörum sem hlotið hafa aðvinnslu hjá samningsaðila eða í Evrópusambandinu og búist er við að svo verði áfram getur hann lagt fram eina yfirlýsingu birgis vegna síðari vörusendinga, hér á eftir nefnd „langtímayfirlýsing birgis“. Langtímayfirlýsing birgis getur að öðru jöfnu gilt til allt að eins árs frá útgáfudegi hennar. Tollyfirvöld í landinu þar sem yfirlýsingin er gefin út eða tollyfirvöld útflutningssamningsaðilans, að því er varðar yfirlýsingu birgis sem er gefin út í Evrópusambandinu, mæla fyrir um þau skilyrði sem gilda um notkun lengri tímabila.  
Birgir skal gefa út langtímayfirlýsingu á þann hátt sem lýst er í viðbæti B og lýsa viðkomandi vörum nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á þær. Viðskiptavinurinn skal fá hana í hendur áður en hann fær fyrstu vörusendinguna sem yfirlýsingin á við eða með fyrstu vörusendingunni. Birgirinn skal tilkynna viðskiptavini sínum um það þegar í stað gildi langtímayfirlýsing ekki lengur um vörurnar sem útvegaðar eru.
5. Yfirlýsing birgis, sem um getur í 3. og 4. mgr., skal vélrituð eða prentuð á ensku, íslensku eða norsku, í samræmi við ákvæði landslaga í því landi þar sem hún er gefin út, og skal undirrituð af birgi eigin hendi. Yfirlýsinguna má einnig handskrifa en þá skal hún skrifuð með bleki og prentstöfum.
6. Birgir sem gefur út yfirlýsingu verður að vera reiðubúinn til að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í því landi þar sem yfirlýsingin er gefin út eða tollyfirvalda útflutningssamningsaðilans, að því er varðar yfirlýsingu birgis sem er gefin út í Evrópusambandinu, öll nauðsynleg skjöl því til staðfestingar að upplýsingarnar í yfirlýsingunni séu réttar.

#### 28. gr.

##### *Fylgiskjöl.*

Þau skjöl, sem um getur í 3. mgr. 16. gr., 5. mgr. 21. gr. og 6. mgr. 27. gr. og er ætlað að sanna að framleiðsluvörur sem falla undir EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini eða upprunayfirlýsingu eða EUR-MED upprunayfirlýsingu geti talist framleiðsluvörur upprunnar hjá samningsaðila eða í einu þeirra landa sem um getur í 3. gr. og fullnægi öðrum kröfum þessarar bókunar, og að upplýsingarnar í yfirlýsingu birgis séu réttar, geta m.a. verið:

- a) beinar sannanir um þá vinnslu sem útflytjandi eða birgir hefur gengist fyrir til þess að fá umræddar vörur, sem finna má til dæmis í reikningum eða bókhaldi hans,
- b) skjöl sem staðfesta upprunaréttindi efna sem notuð eru til framleiðslu umræddra vara og eru gefin út hjá þeim samningsaðila þar sem þau eru notuð í samræmi við landslög,
- c) skjöl sem staðfesta aðvinnslu efna sem eru gefin út hjá þeim samningsaðila þar sem þau eru notuð í samræmi við landslög,
- d) EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini eða upprunayfirlýsingar eða EUR-MED upprunayfirlýsingar til sönnunar á upprunaréttindum efna sem notuð eru, gefin út hjá samningsaðilunum í samræmi við þessa bókun eða í einu landanna sem um getur í 3. gr. í samræmi við sams konar upprunareglur og er að finna í þessari bókun,
- e) yfirlýsingar birgis til sönnunar á aðvinnslu hjá samningsaðila eða í Evrópusambandinu á eignum sem notuð eru, gefnar út í einu þessara landa í samræmi við þessa bókun,
- f) viðeigandi sannanir varðandi aðvinnslu sem hefur átt sér stað utan samningsaðilans með beitingu 11. gr., til sönnunar á að kröfum þeirrar greinar hafi verið fullnægt.

#### 29. gr.

##### *Varðveisla sönnunar á uppruna, yfirlýsinga birgis og fylgiskjala.*

1. Útflytjandi, sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis eða EUR-MED flutningsskírteinis, skal varðveita, í a.m.k. þrjú ár, þau skjöl sem um getur í 3. mgr. 16. gr.
2. Útflytjandi, sem gefur út upprunayfirlýsingu eða EUR-MED upprunayfirlýsingu, skal varðveita í a.m.k. þrjú ár eintak af henni ásamt skjölunum sem um getur í 5. mgr. 21. gr.
3. Birgir sem gefur út yfirlýsingu birgis skal varðveita í að minnsta kosti þrjú ár eintök af henni, vörureikningi, afhendingarseðli eða öðrum viðskiptaskjölum sem yfirlýsingin er fest við, auk

skjala sem um getur í 6. mgr. 27. gr. Birgir sem gefur út langtímayfirlýsingu birgis skal varðveita í að minnsta kosti þrjú ár eintök af yfirlýsingunni og öllum vörureikningum, afhendingarseðlum eða öðrum viðskiptaskjölum varðandi þær vörur sem yfirlýsingin fjallar um og sendar voru til hlutaðeigandi viðskiptavinar, auk þeirra skjala sem um getur í 6. mgr. 27. gr. Vörslutíminn hefst þann dag er gildistími langtímayfirlýsingar birgis rennur út.

4. Tollyfirvöld útflutningssamningsaðilans sem gefa út EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini skulu geyma í a.m.k. þrjú ár umsóknareyðublað það sem um getur í 2. mgr. 16. gr.
5. Tollyfirvöld innflutningssamningsaðilans skulu varðveita í a.m.k. þrjú ár EUR.1-flutningsskírteini og EUR-MED flutningsskírteini og upprunayfirlýsingar og EUR-MED upprunayfirlýsingar sem þeim eru afhentar.

#### 30. gr.

##### *Ósamræmi og villur í framsetningu.*

1. Uppgötvist lítils háttar ósamræmi milli staðhæfinga sem settar eru fram í sönnun á uppruna og þeirra sem fram koma á skjölum, sem afhent eru tollyfirvöldum, vegna formsatriða sem fullnægja þarf fyrir innflutning á framleiðsluvörum, skal það ekki verða sjálfkrafa til þess að sönnun á uppruna teljist ógild ef fram koma óyggjandi sannanir fyrir því að þetta skjal svari til þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.
2. Augljósar villur í framsetningu eins og vélritunarvillur á sönnun á uppruna skulu ekki leiða til þess að skjalinu sé hafnað ef villurnar eru þess eðlis að enginn vafi leikur á að staðhæfingarnar í því séu réttar.

#### 31. gr.

##### *Fjárhæðir gefnar upp í evrum.*

1. Þegar vörureikningur er í öðrum gjaldmiðli en evrum skulu samningsaðilarnir og lönd, sem um getur í 3. gr., ákveða, að því er varðar beitingu ákvæða b-liðar 1. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 26. gr., árlega fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli sem eru jafngildar fjárhæðum sem eru gefnar upp í evrum.
2. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 21. gr. eða 3. mgr. 26. gr. gilda um vörusendingu með hliðsjón af þeim gjaldmiðli sem vörureikningurinn er gefinn út í og á grundvelli þeirrar fjárhæðar sem viðkomandi land hefur ákveðið.
3. Fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli skulu vera jafngildi fjárhæða sem eru gefnar upp í evrum fyrsta virkan dag í október og gilda frá 1. janúar næsta ár á eftir. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum um viðeigandi fjárhæðir.
4. Landi er heimilt að námunda fjárhæð að loknum umreikningi á fjárhæð sem er gefin upp í evrum yfir í innlandan gjaldmiðil. Námunduð fjárhæð má ekki breytast vegna umreikningsins um meira en 5% til hækkunar eða lækkunar. Landi er heimilt, þegar leiðrétting sem kveðið er á um í 3. mgr. er gerð, að halda óbreyttri fjárhæð í innlendum gjaldmiðli sem jafngildir fjárhæð sem er gefin upp í evrum ef umreikningur fjárhæðarinnar leiðir til minni hækkunar en 15% á jafngildi fjárhæðar í innlendum gjaldmiðli áður en fjárhæðin er námunduð. Heimilt er að halda jafngildi fjárhæðar í innlendum gjaldmiðli óbreyttri ef umreikningur leiðir til lækkunar á því jafngildi.
5. Sameiginlega nefndin skal endurskoða fjárhæðir, sem eru gefnar upp í evrum, að beiðni samningsaðilanna. Við þá endurskoðun skal sameiginlega nefndin meta hvort æskilegt er að varðveita áhrif gildandi takmarkana fjárhæða á föstu verði. Hún getur hvað þetta varðar ákveðið að breyta fjárhæðum sem eru gefnar upp í evrum.

## VI. BÁLKUR

### FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA

#### 32. gr.

##### *Samvinna á sviði stjórnsýslu.*

1. Tollyfirvöld samningsaðilanna skulu láta hvert öðru í té sýnishorn af þrykki stimpla sem notaðir eru í tollstöðvum þeirra við útgáfu EUR.1-flutningsskírteina og EUR-MED flutningsskírteina og

heimilisföng tollyfirvalda sem bera ábyrgð á sannprófunum á þeim skírteinum, upprunayfirlýsingum og EUR-MED upprunayfirlýsingum eða yfirlýsingum birgja.

2. Til þess að tryggja að þessari bókun sé rétt beitt skulu sammingsaðilarnir aðstoða hver annan, með tilstuðlan þar til bærra tollyfirvalda, við að sannreyna áreiðanleika EUR.1-flutningsskírteina og EUR-MED flutningsskírteina, upprunayfirlýsinga, EUR-MED upprunayfirlýsinga eða yfirlýsinga birgja og að þær upplýsingar, sem fram koma í þessum skjölum, séu réttar.

### 33. gr.

#### *Sannprófun vegna sönnunar á uppruna.*

1. Sannprófun sönnunar á uppruna, sem er gerð eftir á, skal framkvæmd með úrtakskönnunum eða hvenær sem tollyfirvöld innflutningssammingsaðilans hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika slíkra skjala, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara eða að öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt.
2. Við framkvæmd 1. mgr. skulu tollyfirvöld innflutningssammingsaðilans endursenda EUR.1-flutningsskírteinið eða EUR-MED flutningsskírteinið og vörureikninginn, hafi honum verið framvísað, upprunayfirlýsingu eða EUR-MED upprunayfirlýsingu eða afrit af þessum skjölum til tollyfirvalda útflutningssammingsaðilans og tilgreina ástæður fyrir beiðni um sannprófun eftir því sem við á. Skjöl og upplýsingar, sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar á sönnun á uppruna séu rangar, skulu sendar til stuðnings beiðni um sannprófun.
3. Sannprófunin skal framkvæmd af tollyfirvöldum útflutningssammingsaðilans. Þau hafa í þessu tilliti rétt til að krefjast hvers konar sannana og að athuga bókhald útflytjandans eða viðhafa hvers konar annað eftirlit sem þau álíta nauðsynlegt.
4. Ef tollyfirvöld innflutningssammingsaðilans ákveða að fresta fríðindameðferð á viðkomandi framleiðsluvörum á meðan beið er niðurstöðu sannprófunarinnar skulu þau heimila innflytjanda að leysa framleiðsluvörurnar út með fyrirvara um þær varúðarráðstafanir sem þau álíta nauðsynlegar.
5. Til kynna skal þeim tollyfirvöldum, sem fara fram á sannprófunina, um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort skjölin séu áreiðanleg og hvort telja megi að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunnar hjá sammingsaðila eða í einu af löndunum sem um getur í 3. gr. og hvort öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt.
6. Í þeim tilvikum þar sem fyrir liggur rökstudd ástæða til að draga slíkt í efa og ekkert svar berst innan 10 mánaða frá dagsetningu beiðni um sannprófun eða ef ekki eru veittar nægilegar upplýsingar í því til að unnt sé að ákvarða áreiðanleika skjalsins sem um ræðir eða raunverulegan uppruna framleiðsluvaranna skulu tollyfirvöldin, sem lögðu beiðnina fram, synja um fríðindameðferð nema við sérstakar aðstæður.

### 34. gr.

#### *Sannprófun á yfirlýsingum birgis.*

1. Sannprófun eftir á, á yfirlýsingum birgja eða langtímayfirlýsingum birgja, er hægt að framkvæma með slembiathugun eða hvenær sem tollyfirvöld í því landi, þar sem tillit er tekið til slíkra yfirlýsinga við útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis eða EUR-MED flutningsskírteinis eða upprunayfirlýsingar eða EUR-MED upprunayfirlýsingar, hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika skjalsins eða að upplýsingar sem í því eru gefnar séu réttar.
2. Vegna framkvæmdar 1. mgr. skulu tollyfirvöld í landinu, sem um getur í 1. mgr., endursenda yfirlýsingu birgis og vörureikninga, afhendingarseðla eða önnur viðskiptaskjöl varðandi þá vöru sem yfirlýsingin á við, til tollyfirvalda í landinu þar sem yfirlýsingin var gefin út og tilgreina, þar sem það á við, efnislegar eða formlegar ástæður fyrir því að beiðni um sannprófun er lögð fram. Til stuðnings beiðni um sannprófun eftir á skulu þau senda hvers konar skjöl og upplýsingar sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar í yfirlýsingu birgja séu rangar.
3. Sannprófunin skal framkvæmd af tollyfirvöldum í því landi þar sem yfirlýsing birgis var gefin út. Þau mega vegna hennar biðja um hvers konar sannanir og framkvæma hverja þá skoðun á bókhaldi birgis eða viðhafa annað það eftirlit sem þau telja nauðsynlegt.

4. Tilkynna skal þeim tollyfirvöldum, sem fara fram á sannprófunina, um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort upplýsingar í yfirlýsingu birgis séu réttar og þær verða að gera þeim kleift að ákvarða hvort og að hve miklu leyti taka má tillit til útgáfu yfirlýsingar birgis við útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis eða EUR-MED flutningsskírteinis eða upprunayfirlýsingar eða EUR-MED upprunayfirlýsingar.

35. gr.

*Lausn deilumála.*

Komi upp deilumál í tengslum við reglur um sannprófun í 33. og 34. gr., sem tollyfirvöld er fóru fram á sannprófunina og tollyfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar geta ekki leyst, eða þau leiða til þess að vafi leiki á hvernig túlka beri þessa bókun skal vísa þeim til sameiginlegu nefndarinnar. Lausn deilumála milli innflytjanda og tollyfirvalda innflutningssamningsaðilans skal í öllum tilvikum heyra undir löggjöf þess lands.

36. gr.

*Viðurlög.*

Hver sá sem gefur út eða veldur því að gefið er út skjal með röngum upplýsingum í því skyni að afla sér fríðindameðferðar fyrir framleiðsluvörur skal sæta viðurlögum.

37. gr.

*Frísvæði.*

1. Samningsaðilarnir skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í stað framleiðsluvara, sem stunduð eru viðskipti með í skjóli sönnunar á uppruna og fluttar eru um frísvæði á yfirráðasvæði þeirra, komi ekki aðrar vörur og að þær hljóti ekki aðra meðferð en þá sem eðlileg telst til að verja þær skemmdum.
2. Veitt er undanþága frá ákvæðum 1. mgr. fyrir vörur, sem eru upprunnar hjá samningsaðila og fluttar inn á frísvæði í skjóli sönnunar á uppruna og hljóta meðferð eða vinnslu, er heimilar hlutaðeigandi yfirvöldum að gefa út nýtt EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED flutningsskírteini að beiðni útflytjanda ef meðferð eða vinnsla vörunnar er í samræmi við ákvæði þessarar bókunar.

VII. BÁLKUR  
LOKAÁKVÆÐI

38. gr.

*Beiting bókunarinnar.*

Hugtakið „Evrópusambandið“ sem notað er í þessari bókun nær ekki til Ceuta og Melilla. Með hugtakinu „framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Evrópusambandinu“ er ekki átt við framleiðsluvörur frá Ceuta og Melilla.

39. gr.

*Bráðabirgðaákvæði um framleiðsluvörur í umflutningi eða geymslu.*

Heimilt er að beita ákvæðum þessa samnings gagnvart framleiðsluvörum sem samrýmast ákvæðum þessarar bókunar og eru, á þeim degi sem bókunin gengur í gildi eða við beitingu hennar til bráðabirgða, annaðhvort í umflutningi eða geymdar um stundarsakir í tollgeymslum eða á frísvæðum, gegn því að tollyfirvöld innflutningssamningsaðilans fái send, innan tólf mánaða frá áður nefndum degi, upprunasönnun sem tollyfirvöld útflutningssamningsaðilans gefa út eftir á, ásamt öðrum skjölum sem staðfesta að vörurnar hafi verið fluttar í samræmi við ákvæði 12. gr.

40. gr.

*Innfelldir viðaukar við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda.*

Viðaukar I til IVb í I. viðbæti við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslanda sem veita fríðindi eru felldir inn í og verða hluti af þessari bókun sem innfelldir viðaukar I til IVb við samning Evrópu og Miðjarðarhafslanda og skulu gilda, að breyttu breytanda, með fyrirvara um eftirfarandi breytingar:

- a) Í innfelldum I. viðauka við samning Evrópu og Miðjarðarhafslönda:
  - i. skal líta svo á að allar vísanir til „5. gr. þessa viðbættis“ séu vísanir til „5. gr. þessarar bókunar“ og
  - ii. í lið 3.1 í 3. athugasemd, skal „samningsaðili“ koma í stað „einhverju landanna sem um getur í 3. gr., þar sem uppsöfnun á við“.
- b) Í innfelldum viðaukum IVa og IVb við samning Evrópu og Miðjarðarhafslönda, hvorum um sig:
  - i. skal aðeins fella inn enska, íslenska og norska útgáfu upprunayfirlýsingarinnar og
  - ii. skal ekki fella inn annan málslíð 2. neðanmálgreinar.

41. gr.

*Óaðskiljanlegir hlutar þessarar bókunar.*

Innfelldir viðaukar við samning Evrópu og Miðjarðarhafslönda og viðbættar við þessa bókun skulu vera óaðskiljanlegur hluti hennar.

VIÐBÆTIR A  
YFIRLÝSING BIRGIS

Yfirlýsing birgis, en texti hennar kemur fram hér á eftir, skal gerð í samræmi við neðanmálsgreinarnar. Hins vegar þarf ekki að endurtaka neðanmálsgreinarnar.

YFIRLÝSING BIRGIS

vegna vara sem hlotið hafa aðvinnslu í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu án þess að hafa fengið viðurkenningu um fríðindauppruna.

Ég, undirritaður, birgir þeirra vara sem getið er á viðfestu skjali, lýsi því yfir að:

1. Eftirfarandi efni, sem eru ekki upprunnin í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu, hafa verið notuð í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu til að framleiða þessar vörur

Lýsing á vörinni <sup>(1)</sup>	Lýsing á efnum sem eru notuð en eru ekki upprunaefni	Númer á efnum sem eru notuð en eru ekki upprunaefni <sup>(2)</sup>	Verðmæti efna sem eru notuð en eru ekki upprunnin á EES <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup>
		Samtals	

2. Öll önnur efni sem eru notuð í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu til að framleiða þessar vörur eru upprunnin í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu
3. Eftirtaldir vörur hafa hlotið aðvinnslu utan Bretlands, Noregs, Íslands eða Evrópusambandsins í samræmi við 11. gr. IV. viðauka við þennan samning og hafa áunnið sér þar heildarvirðisauka sem hér segir:

Lýsing á vörinni	Heildarvirðisauki utan Bretlands, Noregs, Íslands eða Evrópusambandsins <sup>(4)</sup>
	(Staður og dagsetning)
	(Heimilisfang og undirskrift birgis; auk þess verður nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)

<sup>1</sup> Ef vörureikningur, afhendingarseðill eða annað viðskiptaskjal sem yfirlýsingin er fest við tekur til ýmissa vörutegunda eða vara sem innihalda ekki efni sem eru ekki upprunaefni að sama marki, verður birgir að greina vandlega á milli þeirra.

Dæmi:

Skjalið tekur til ýmissa gerða af rafhreyflum í nr. 8501 sem nota á við framleiðslu þvottavéla í nr. 8450. Tegundir og verðmæti efna sem eru ekki upprunaefni og notuð eru við framleiðslu þessara hreyfla er mismunandi. Af þeim sökum verður að aðgreina gerðirnar í fyrsta dálki og veita skal upplýsingar sem krafist er í öðrum dálkum sérstaklega fyrir hverja þeirra, þannig að framleiðanda þvottavélanna sé gert kleift að meta upprunaréttindi framleiðsluvara sinna eftir því hvaða rafhreyfil hann notar.

<sup>2</sup> Einungis skal gefa þær upplýsingar sem krafist er í þessum dálkum ef nauðsyn krefst þess.

Dæmi:

Í reglu um fatnað úr 62. kafla segir að nota megi garn sem er ekki upprunavara. Ef framleiðsla á slíkum fatnaði í Bretlandi notar innflutta vefnaðarvöru frá Noregi sem fengist hefur þar með því að vefa úr garni sem er ekki upprunavara, nægir breska birginum að lýsa í yfirlýsingu sinni efninu, sem er ekki upprunaefni, sem garni, án þess að nauðsyn beri til að gefa upplýsingar um ST-númer og verðmæti garnsins.

Framleiðandi járnis í nr. 7217 sem hefur framleitt hann úr járnstöngum sem eru ekki upprunavörur skal setja í annan dálkinn „járnstangir“. Ef nota á vírinn til framleiðslu vélar, sem heyrir undir upprunareglu um takmörkun á efnum sem eru ekki upprunaefni og eru notuð að ákveðnum hundraðshluta, skal veita upplýsingar í þriðja dálki um verðmæti þeirra stanga sem eru ekki upprunavörur.



- <sup>3</sup> „Verðmæti efnis“: tollverð við innflutning á efni sem notað hefur verið og er ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnið í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu. Gefa verður upp nákvæmt verðmæti hvers efnis sem er ekki upprunaefni miðað við hverja einingu þeirra vara sem tilgreindar eru í fyrsta dálki.
- <sup>4</sup> Með „heildarvirðisauka“ er átt við allan þann kostnað sem safnast hefur upp utan Bretlands, Noregs, Íslands eða Evrópusambandsins, þar með talið verðmæti allra efnanna sem eru notuð þar. Heildarvirðisauka sem er tilkominn utan Bretlands, Noregs, Íslands eða Evrópusambandsins verður að gefa upp nákvæmlega fyrir hverja einingu þeirra vara sem tilgreindar eru í fyrsta dálki.

## VIÐBÆTIR B LANGTÍMAYFIRLÝSING BIRGIS

Langtímayfirlýsing birgis, en texti hennar kemur fram hér á eftir, skal gerð í samræmi við neðanmálgreinarnar. Hins vegar þarf ekki að endurtaka neðanmálgreinarnar.

### LANGTÍMAYFIRLÝSING BIRGIS

vegna vara sem hlotið hafa aðvinnslu í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu án þess að hafa fengið viðurkenningu um fríðindauppruna.

Ég, undirritaður, birgir þeirra vara sem getið er í þessu skjali og eru afhentar reglulega til

.....  
(<sup>1</sup>) lýsi því yfir að:

- Eftirfarandi efni, sem eru ekki upprunnin í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu, hafa verið notuð í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu til að framleiða þessar vörur

Lýsing á vörunni ( <sup>2</sup> )	Lýsing á efnum sem eru notuð en eru ekki upprunaefni	Númer á efnum sem eru notuð en eru ekki upprunaefni ( <sup>3</sup> )	Verðmæti efna sem eru notuð en eru ekki upprunnin á EES ( <sup>3</sup> )( <sup>4</sup> )
		Samtals	

- Öll önnur efni sem eru notuð í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu til að framleiða þessar vörur eru upprunnin í Bretlandi, Noregi, á Íslandi eða í Evrópusambandinu
- Eftirtaldar vörur hafa hlotið aðvinnslu utan Bretlands, Noregs, Íslands eða Evrópusambandsins í samræmi við 11. gr. IV. viðauka við þennan samning og hafa áunnið sér þar heildarvirðisauka sem hér segir:

Lýsing á vörunni	Heildarvirðisauki utan Bretlands, Noregs, Íslands eða Evrópusambandsins ( <sup>5</sup> )
	(Staður og dagsetning)
	(Heimilisfang og undirskrift birgis; auk þess verður nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)

Þessi yfirlýsing gildir fyrir allar síðari vörusendingar sem sendar eru

Frá .....

Til .....<sup>(6)</sup>

Ég skuldbind mig til að .....<sup>(1)</sup> það þegar í stað ef þessi yfirlýsing fellur úr gildi.

.....  
(Staður og dagsetning)

.....  
(Heimilisfang og undirskrift birgis; auk þess verður nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)

- <sup>1</sup> Heiti og heimilisfang viðskiptavinarins.
- <sup>2</sup> Ef vörueikningur, afhendingarseðill eða annað viðskiptaskjal sem yfirlýsingin er fest við tekur til ýmissa vörutegunda eða vara sem innihalda ekki efni sem eru ekki upprunaefni að sama marki, verður birgir að greina vandlega á milli þeirra.  
Dæmi:  
Skjalið tekur til ýmissa gerða af rafhreyflum í nr. 8501 sem nota á við framleiðslu þvottavéla í nr. 8450. Tegundir og verðmæti efna sem eru ekki upprunaefni og notuð eru við framleiðslu þessara hreyfla er mismunandi. Af þeim sökum verður að aðgreina gerðirnar í fyrsta dálki og veita skal upplýsingar sem krafist er í öðrum dálkum sérstaklega fyrir hverja þeirra, þannig að framleiðanda þvottavélanna sé gert kleift að meta upprunaréttindi framleiðsluvara sinna eftir því hvaða rafhreyfil hann notar.
- <sup>3</sup> Einungis skal gefa þær upplýsingar sem krafist er í þessum dálkum ef nauðsyn krefst þess.  
Dæmi:  
